

2015

Kerlingarfjöll – þolmarkarannsókn



**LOCAL
TOURISM**
RANNSÓKNIR OG RÁÐGJÖF

LT – rannsóknir og ráðgjöf ehf

www.localturisti.is

nóvember 2015

Nóvember 2015

© LT - rannsóknir og ráðgjöf ehf

Skýrsla unnin fyrir Fannborg ehf

Útgefandi: LT - rannsóknir og ráðgjöf ehf, Pósthólf 322, 222 Hafnarfirði.

Forsíðumynd er af Neðri-Hveradölum í Kerlingarfjöllum tekin af Páli L Sigurðssyni.

Aðrar ljósmyndir:

Hans Kristjánsson: myndir 9, 66, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 78, 79, 80.

Páll Gíslason: mynd 10, 81

Óþekktir ljósmyndarar: 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 67

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.



Formáli

Þessi grunnþolmarkarannsókn er gerð fyrir Fannborg ehf af LT - rannsóknnum og ráðgjöf ehf (LT). Hún hefur það að meginmarkmiði að draga fram þá þætti sem geta sagt til um þolmörk í Kerlingarfjöllum. Rannsóknarsvæðinu er skipt í þrennt þ.e. Neðri-Hveradali (A), austari fjallgarð Kerlingarfjalla (B) og Ásgarðsgil og dalurinn Ásgarður, undir Ásgarðsfjalli (C), þar sem núverandi þjónustubyggingar standa.

Gagnaöflun í Kerlingarfjöllum fór fram í ágúst og september 2015 og úrvinnsla fór fram í september og október sama ár. Fyrir utan, að eftirfarandi skýrsluhöfundar báru sameiginlega ábyrgð á vinnu og verklagi skýrslunnar sem heild, skiptu þeir með sér verkþáttum samkvæmt eftirfarandi:

- Lilja Sæmundsdóttir, ferðamálafræðingur og sérfræðingur hjá LT kannaði viðhorf og upplifun ferðamanna.
- Páll Línberg Sigurðsson, ferðamálafræðingur og sérfræðingur hjá LT kannaði viðhorf ferðþjónustuaðila og annaðist úrvinnslu gagna frá umferðateljurum.
- Hans Kristjánsson, ferðamálafræðingur, einn eigenda Fannborgar og sérfræðingur hjá LT fjallaði um innviði, skipulag og rannsakaði ástand svæða og göngustíga í Ásgarði og Neðri-Hveradölum. Hans starfaði um árabíl sem skíðakennari við Skíðaskólann í Kerlingarfjöllum og kom að endurnýjun Fannborgar ehf frá árinu 2000. Hann þekkir svæðið mjög vel og hefur fylgst með þróun þess sem ferðamannastaðar um langan tíma.

Höfundar vilja þakka starfsmönnum Kerlingarfjalla sérstaklega fyrir alla þá aðstoð sem þau veittu starfsmönnum LT á rannsóknartíma og hlýlegar móttökur.

Vonast höfundar til að niðurstöður skýrslunnar nýtist hagsmunaaðilum og yfirvöldum, á þann veg að ferðamennska í Kerlingarfjöllum sem og á hálendi Íslands geti þróast og dafnað um ókomin ár.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Efnisyfirlit.....	3
Myndir.....	5
Töfluskra.....	7
1. Inngangur.....	8
2. Fræðilegur grunnur.....	9
2.1. Þolmörk.....	9
2.2. Aðferðarfræðin:.....	11
3. Gögn og aðferðir.....	14
3.1. Þolmörk ferðamanna.....	14
3.2. Ferðapjónustufyrirtæki.....	15
3.3. Mat á fjölda ferðamanna og ferðamynstri með umferðateljurum.....	16
3.4. Skoðun göngustíga, gróðurspekju og umhverfis.....	16
4. Rannsóknarsvæðið.....	18
4.1. Lýsing, gerð.....	18
4.2. Hvers konar ferðamennska er og hefur verið stunduð á rannsóknarsvæðinu?.....	21
4.4. Skipting svæðisins í þrjú rannsóknarsvæði:.....	23
5. Rannsóknin.....	25
5.1. Umferðateljarar og meðhöndlun gagna.....	25
5.1.1. Umferðateljari A.....	25
5.1.2. Umferðateljari B.....	26
5.1.3. Umferðateljari A og B.....	27
5.1.4. Fjöldi ferðamanna.....	27
5.1.5. Niðurstaða.....	29
5.2. Gistináttatölur.....	30
5.3. Viðhorfskönnun ferðamanna.....	30
5.3.1. Ferðamenn og einkenni þeirra.....	31
5.3.2. Flokkun ferðamanna eftir afþreyingu.....	35
5.3.3. Ánægjuvæntingar, vonbrigði og viðhorf.....	36
5.3.4. Ummerki eftir ferðamenn í náttúrunni.....	42
5.3.5. Niðurstaða - samantekt.....	42
5.4. Viðhorfskönnun - viðtöl við ferðamenn.....	43
5.4.1. Ferðamenn og einkenni þeirra (sp. 1).....	43
5.4.2. Flokkun ferðamanna eftir afþreyingu.....	43
5.4.3. Ánægja, væntingar, vonbrigði og viðhorf.....	44
5.4.4. Ummerki eftir ferðamenn í náttúrunni.....	47
5.5. Viðhorfskönnun og sýn ferðapjónustuaðila.....	48
5.5.1. Starfsemi ferðapjónustuaðila á Kerlingarfjallasvæðinu.....	49
5.5.2. Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Kerlingarfjallasvæðinu.....	51
5.5.3. Fyrirhugaðar breytingar Fannborgar á innviðum í Ásgarði.....	52
5.5.4. Sýn ferðapjónustuaðila í tveim viðtölum.....	54
5.5.5. Niðurstaða - samantekt á viðhorfum ferðapjónustuaðila.....	55

5.6. Umhverfið og innviðir.....	55
5.6.1. Skoðun göngustíga, gróðurþekju og umhverfis á svæði A.....	55
5.6.2. Skoðun göngustíga, gróðurþekju og umhverfis á svæði B	59
5.6.3. Skoðun göngustíga, gróðurþekju og umhverfis á svæði C.....	61
5.6.4. Skoðun vega/slóða innan umráðasvæðis Fannborgar.....	63
5.6.5. Skoðun innviða (mannvirkja) og nærumhverfis þeirra.....	65
6. Niðurstöður og ályktanir	70
6.1. Mikilvægi svæðisins fyrir ferðamennsku.....	70
6.2. Skipulag, framtíðarsýn	72
6.3. Lokaorð	73
Heimildir	74
Viðauki I. Framtíðarsýn stjórnar Fannborgar	78
Viðauki II. Samantekt Fannborgar ehf.....	79
Viðauki III. Gönguleiðakort í Kerlingarfjöllum, LT 2015	80

Myndir

Mynd 1 - Þolmarkarannsókn LT	10
Mynd 2 - Skipting landslags/umhverfis í ROS	11
Mynd 3 - Viðhorfskvarðin og þolmörk, staðfært af LT - 2015	12
Mynd 4 - Ferðamennska, staðfært af LT - 2015	12
Mynd 5 - Stankey G.H. og fl. ,1985 – staðfært af LT - 2015	13
Mynd 6 - Teljarar í Kerlingarfjöllum.....	16
Mynd 7 - Staðsetning Kerlingarfjalla á Kili	18
Mynd 8 - Umráðasvæði Fannborgar samkvæmt samningi þar um.....	19
Mynd 9 - Ásgarðsdalur og Ásgarðsfjall, 2008.....	20
Mynd 10 - Ásgarðsdalur og Ásgarðsfjall, 2015.....	20
Mynd 11- Hamranafli	20
Mynd 12 - Svarðskjóða.....	20
Mynd 13 - Laugaslyðra.....	20
Mynd 14 - Fjallanámskeið hjá Guðmundi frá Miðdal í Kerlingarfjöllum.....	21
Mynd 15 - Fjallanámskeið hjá Guðmundi í Tindfjöllum.....	21
Mynd 16- Skíðafólk í Fannborg 1961.....	21
Mynd 17- Skíðakennsla í Kerlingarfjöllum / Fannborg.....	22
Mynd 18 - Líftímakúrfa Butlers (1980) sett í samhengi við fjölda ferðamanna í Kerlingarfjöllum frá 1935, staðfærð af LT, 2015.....	22
Mynd 19 - Teljari A - fjöldi bíla eftir dögum	25
Mynd 20 - Teljari A - dreifing umferðar, reiknað fyrir hverja klukkustund.....	25
Mynd 21 - Teljari A - dreifing umferðar eftir vikudögum, meðaltal pr. dag.....	26
Mynd 22 - Teljari A - dreifing umferðar eftir vikudögum, pr. viku	26
Mynd 23 - Teljari B - fjöldi bíla eftir dögum.....	26
Mynd 24 - Teljari B - dreifing umferðar, reiknað fyrir hverja klukkustund.....	26
Mynd 25 - Teljari B - dreifing umferðar eftir vikudögum, meðaltal pr. dag.....	27
Mynd 26 - Teljari B - dreifing umferðar eftir vikudögum, pr. viku	27
Mynd 27 - Fjöldi bíla	27
Mynd 28 - Aldursskipting ferðamanna	31
Mynd 29 - Ferðamenn eftir þjóðerni.....	31
Mynd 30 - Dvalartími ferðamanna	32
Mynd 31 - Með hverjum ferðast ferðamenn	32
Mynd 32 - Hvernig ferðast ferðamenn til Kerlingarfjalla.....	32
Mynd 33 - Hvað ætlar þú að dvelja lengi á hálendinu	33
Mynd 34 - Hvað ætlar þú að dvelja lengi á hálendinu	33
Mynd 35 - Fleiri staðir á hálendinu heimsóttir	34
Mynd 36 - Hvernig gistingu nýttir þú þér í Kerlingarfjöllum?.....	34
Mynd 37 - Hvers vegna ferðast þú um þetta svæði?.....	35
Mynd 38 - Afþreying	35
Mynd 39 - Ánægja með ferðina í Kerlingarfjöll	36
Mynd 40 - Hvað heillar þig við svæðið?	36
Mynd 41 - Telur þú líklegt að þú komir aftur á svæðið?.....	37
Mynd 42 - Hefur þú komið áður í Kerlingarfjöll?	37
Mynd 43 -Finnst þér ósnortin víðerni vera hluti af aðdráttaraflí svæðisins?.....	37
Mynd 44 - Væntingar um fjölda ferðamanna á svæðinu	37
Mynd 45 - Finnst þér ósnortin víðerni vera hluti af aðdráttaraflí svæðisins?.....	37
Mynd 46 - Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði	38

Mynd 47 - Olli þér eitthvað vonbrigðum á svæðinu?	39
Mynd 48 - Ertu fylgjandi eða mótfallinn eftir töldum mannvirkjum á svæðinu?.....	39
Mynd 49 - Hvað finnst þér um frekari uppbyggingu á þjónustusvæðinu?	40
Mynd 50 - Að hvaða leiti stóðust eftirfarandi þættir þær væntingar sem þú gerðir?.....	40
Mynd 51 - Hvað finnst þér um eftirfarandi á svæðinu?.....	41
Mynd 52 - Hefur þú orðið vör/var við eftirfarandi vegna ferðamanna?	42
Mynd 53 - Þjóðerni ferðamann í djúpviðtölum	43
Mynd 54 - Hvað heillaði við svæðið?.....	44
Mynd 55 - Svæði sem þú heimsækir ekki lengur	45
Mynd 56 - Hvers konar ferðaþjónusta?	46
Mynd 57 - Hvað má vera til staðar af mannlegum ummerkjum?	47
Mynd 58 - Þáttakendur í vefkönnun eftir þjóðerni.	48
Mynd 59 - Sýnir helstu starfsemi 20 ferðaþjónustuaðila á Kerlingarfjallasvæðinu	49
Mynd 60 - Sérstaða Kerlingarfjalla að mati ferðaþjónustuaðila.....	50
Mynd 61 - Hvernig þykir þér aðgengið að svæðinu vera?.....	50
Mynd 62 - Framtíðar möguleikar svæðisins	51
Mynd 63 - Er svæðið vannýtt af hálfu ferðaþjónustunnar?	51
Mynd 64 - Polir svæðið fleiri ferðamenn?	52
Mynd 65 - Viðbrögð við hugmyndum Fannborgar um uppbyggingu	53
Mynd 66 - Barátta “elds og íss”	56
Mynd 67 - Tröppu- og brúargerð í Hveradölum.....	57
Mynd 68 - Stígur í Hveradölum.....	57
Mynd 69 - Gróðurskemmd við upphaf á leið 2.....	58
Mynd 70 - Gróðurskemmd á leið 2.....	58
Mynd 71 - Varúðarskilti við bílastæði í Hveradölum.....	58
Mynd 72 - Svæðið á leið 7 sem þyrfti að loka	59
Mynd 73 - Svæðið á leið 7 sem þyrfti að loka	59
Mynd 74 - Stígur í hlíðum Fannborgar	60
Mynd 75 - Mýri á gönguleið 5 að borholu.....	61
Mynd 76 - Göngustígur inn að borholu	62
Mynd 77 - Göngustígur inn að borholu	62
Mynd 78 - Gróðurskemmdir á neðsta hluta leiðar 7 í Ásgarði	62
Mynd 79 - Tyrfing fyrir ofan Nýpur 2012	63
Mynd 80 - Tyrfing fyrir ofan fyrirhugaða hótélbyggingu 2015	63
Mynd 81 - Loftmynd af innviðum í Ásgarði, 2015	65
Mynd 82 - Nýting innviða í Kerlingarfjöllum 2015 (LT).....	68

Töfluskrá

Tafla 1 - Þróun ferðamennsku í Kerlingarfjöllum í 80 ár.....	bls. 22
Tafla 2 - Talning 26-27.júlí 2015.....	bls. 27
Tafla 3 - Meðalfjöldi í bíl.....	bls. 28
Tafla 4 - Fjöldi farþega í bí.....	bls. 28
Tafla 5 - Byggir á niðurstöðum á rannsóknatíma (23 daga) og áætlun fyrir sumarið allt (60 daga).....	bls. 29
Tafla 6 - Gistináttatölur 2015, LT-2015.....	bls. 30
Tafla 7 - Tafla yfir innviði í Ásgarðsdal, LT-2015.....	bls. 66

1. Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður þolmarkarannsóknar á áhrifum ferðamennsku og útivistar í Kerlingarfjöllum sumarið 2015. Verkefnið var unnið fyrir Fannborg ehf vegna fyrirhugaðar endurnýjunar og uppbyggingar innviða á Ásgarðssvæðinu í Kerlingarfjöllum.

Kerlingarfjöll eru líparít fjallagarður, staðsett miðja vegu á Kili, suðvestan við Hofsjökul. Hveravirkni er þar mikil á þremur svæðum; í Neðri-Hveradölum, Efri-Hveradölum og Hverabotn. Þekktustu fjöllin eru Loðmundur (1.432m), og Snækollur (1.477m). Rannsóknarsvæðið nær yfir stóran hluta fjallagarðsins að norðanverðu og á svæði sem Fannborg hefur gert umsjónarsamning um við Hrunamannahrepp til 25 ára. Stærsti hluti rannsóknarsvæðisins er lítið gróinn eða ca. 16% með 10% gróðurþekju. Þrjár akstursleiðir eru að rannsóknarsvæðinu, Kerlingarfjallaleiðin (F-347), leiðin inn í Ásgarð, liggur frá Kjalvegi (35) og er fær flestum bílum á sumrin eftir að rör hafa verið settar í þrjár stærstu árnar. Auk þess eru tvær 4x4 leiðir sem eru færar aðeins hluta af sumri.

Ferðamenska hófst í Kerlingarfjöllum árið 1935 með jöklanámskeiðum, svo kom FÍ með einn af sínum fyrstu skálum árið 1937-1938 og síðan þá hefur ferðamennskan verið byggð upp á fjalla-, og gönguferðum sem og skíðakennslu (frá 1961-1999).

Þolmarkarannsókninni í Kerlingarfjöllum, má skipta niður fjóra aðalflokka: Umhverfið, ferðamenn, fjöldi ferðamanna/umferð og viðhorf hagsmunaaðila. Ýmsum aðferðum var beitt í þessari rannsókn, þar sem þýðið eru allir þeir ferðamenn og ferðaþjónustuaðilar sem voru í Kerlingarfjöllum eða áttu viðskipti við Fannborg á rannsóknartíma. Spurningarkönnun á íslensku/frönsku/þýsku/ensku var lögð fyrir ferðamenn bæði á pappír og rafrænt og tekin voru þrettán viðtöl. Vefkönnun á ensku/íslensku var lögð fyrir ferðaskipuleggjendur og tekin tvö viðtöl. Rafræn bílatalning var gerð við komuna í Ásgarð og á leiðinni upp í fjall (Keis/Neðri-Hveradali). Stígar og aðrir innviðir voru myndaðir, mældir og metnir sjónrænt á þremur rannsóknarsvæðum; Neðri-Hveradali, austari fjallgarð Kerlingarfjalla sem og Ásgarðsgil og dalurinn Ásgarður. Rannsóknartími spurningarkönnunar var frá 8. til 31. ágúst og viðtöl við ferðamenn fór fram 14. og 15. ágúst. Vefkönnunin fór fram frá 21. ágúst til 1. september og viðtölin við ferðaþjónustuaðila fóru fram 13. ágúst.

Í upphafi skýrslunnar er fræðilegur rammi verkefnisins og svo kemur nokkur stór kafli, sem skiptist í sjö liði, þar sem hver um sig fjallar um sérstakan þátt rannsóknarinnar. Að því loknu verður greint frá heildarniðurstöðum þessarar gunnþolmarkarannsóknar.

2. Fræðilegur grunnur

2.1. Þolmörk

Þolmörkum er oft skipt upp í þrjá hluta; þolmörk náttúrunnar, upplifun ferðamanna og viðhorf heimamanna. Þróun ferðamannastaða getur aukið tekjur viðkomandi sveitarfélags og rekstraraðila, opnað nýja möguleika og því í sjálfu sér verið jákvæð. En hún getur einnig gengið á viðkomandi auðlind og þannig ógnað nýtingu hennar í framtíðinni. Fræðimenn á sviði ferðamennsku eru ekki allir sammála um skilgreiningu á orðinu þolmörk (e. acceptable change). Í þeirri rannsókn sem hér verður gerð skil er gengið út frá neðangreindri skilgreiningu auk þess að horft verður til sjálfbærnihugtaksins:

Þolmörk ferðamennsku ákvarðast af: „þeim fjölda gesta sem svæði getur tekið á móti áður en neikvæðra áhrifa fer að gæta, hvort heldur sem er á náttúrulegt umhverfi, upplifun ferðamanna eða viðhorf heimamanna“. (Martin og Uysal, 1990)

Náttúran hér á landi er aðal hvatinn að ferðum útlendinga hingað til lands og sú gerð ferðamennsku sem er í hvað mestri sókn alls staðar í heiminum (CAB International, 2003. Nature-Based Tourism, Environment and Land Management, R. Buckley, C. Pickering & D.B. Weaver). Engu skiptir hvort rekstur slíkra ferðaþjónustufyrirtækja er úr opinbera geiranum eða í einkaframkvæmd. Birtingarmynd slíkrar ferðamennsku er fjölbreytt hvað varðar afþreyingu og má m.a. nefna gönguferðir, fjallaklifur, skíðaferðir og fleira. Heildarmynd fyrirtækja sem grundvallast á náttúrutengdri ferðamennsku litast svo af flóknu samspili fjármála, félags- og umhverfislegum þáttum auk þess að tengjast sterkum böndum hugtakinu um sjálfbærni. Hvað á að greiða fyrir auðlindina? Eru heimamenn hafðir með í ráðum? Verður gengið vel um náttúru svæðisins? Það er mikilvægt að allir aðilar tengdir viðkomandi svæði komi að borðinu þegar ákvarðanir eru teknar um nýtingu á viðkomandi auðlind. Það á bæði við þá sem koma óbeint eða beint að málinu eins og hið opinbera, íbúar, hagsmunaaðilar, rekstraraðilar og fleiri.

En hvernig skilgreinum við sjálfbærni eða sjálfbæra þróun? Hvað þýðir það í umræðunni um þolmörk áfangastaða? Fyrsta almenna skilgreiningin á sjálfbærri þróun eða sjálfbærni birtist eftir alþjóðlegan fund í Rio í Brasilíu árið 1987. Undir forystu fyrrum forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, komust menn að samkomulagi um eftirfarandi (Vísindavefurinn, 2015):

„Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“.

Þótt orðið sjálfbærni hafi komið fram á seinni hluta síðustu aldar hefur hugsunin og hugmyndin á bak við orðið lifað mun lengur. Má í því sambandi benda á að þjóðflokkar í Kenýa hafa geymt um aldir orðatiltæki sem er af svipuðum toga (Vísindavefurinn, 2015):


„Þú hefur ekki fengið landið til eignar frá foreldrum þínum; þú hefur það að láni frá börnum þínum“.

Þessi umhverfismiðaða (e. ecosentric) hugsun hefur svo undirliggjandi þætti sem styrkja þá sýn að um jörðina skal ganga með vinsemd og virðingu. Þeir þættir eru (Miller, 2002):

1. Samtenging (e. interconnectedness)
2. Sönn verðmæti (e. intrinsic value)
3. Fjölbreytileiki (e. biodiversity)
4. Sjálfbærni (e. sustainability)
5. Varðveisla (e. conservation)
6. Jafnræði kynslóða (e. intergenerational equity)
7. Einstaklingsbundin ábyrgð (e. individual responsibility)

Þetta undirstrikar að starfsemi og framkvæmdir á rannsóknarsvæðinu skuli taka mið af því að náttúra svæðisins, auðlindin, beri ekki skaða af og verði sem næst óbreytt kynslóðum framtíðarinnar til ánægju og yndisauka. Það er, að þær framkvæmdir og þróun sem munu eiga sér stað á rannsóknarsvæðinu og auka umferð ferðamanna, falli undir þau viðmið sem þessi almenna skilgreining setur okkur. Uppbygging svæðisins þarf að haldast í hendur við þróun á fjölda ferðamanna og nýtingu náttúrunnar/auðlindarinnar hverju sinni.

Polmarkarannsóknin í Kerlingarfjöllum, sem LT - rannsóknir og ráðgjöf framkvæmdi sumarið 2015 má skipta niður fjóra aðalflokka: Umhverfið, ferðamenn, fjöldi ferðamanna og umferð bifreiða sem og viðhorf hagsmunaaðila, sjá mynd 1.



Mynd 1 - Polmarkarannsókn LT

2.2. Aðferðarfræðin:

Beita má nokkrum mismunandi aðferðum við rannsóknir á þolmörkum. Við þessa skýrslugerð voru eftirfarandi aðferðir hafðar til hliðsjónar

- Afþreyingarróf (e. Recreation opportunity spectrum eða ROS).
- Viðhorfskvarðinn (e. Purist scale eða PC).
- Polmörk viðunandi breytinga (e. Limits of acceptable change eða LAC).

Afþreyingarrófið er notað í þeim tilgangi að skoða hvers konar afþreying er stunduð á viðkomandi svæði. Hverjir eru afþreyingamöguleikarnir og hversu langt á að ganga í að uppfylla þarfir og óskir ferðamanna um mismunandi afþreyingu á svæðinu. Hvers konar afþreying hentar viðkomandi svæði og hvort svæðið þoli þá uppbyggingu sem viðkomandi afþreying kallar á (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010a og Wallsten, 1988). Í framhaldi af því er gert ráð fyrir mismikilli uppbyggingu eftir hvað hentar náttúrulegu umhverfinu og upplifun. Gengið er út frá þeirri forsendu að ferðamenn séu mismunandi og sækjast eftir fjölbreyttri upplifun.

Viðerni	Nokkuð ósnortin svæði, vélknúin umferð ekki leyfð	Nokkuð ósnortin svæði, vélknúin umferð leyfð	Náttúrusvæði með vegum	Landbúnaðarlandslag	Borgarlandslag
---------	---	--	------------------------	---------------------	----------------

Mynd 2 - Skipting landslags/umhverfis í ROS


Viðhorfskvarðinn er nýttur við öflun upplýsinga um hvers konar ferðamenn sækja svæðið heim og hvaða viðhorf þeir hafa til svæðisins bæði hvað varðar uppbyggingu og nýtingu umhverfisins. Það er afar mikilvægt fyrir rekstraraðila Kerlingarfjalla að þekkja til þessa viðhorfa. Skipulagning og framtíðaráform hljóta og að taka mið af þeim.

Viðhorfskvarðanum er almennt skipt upp í:

- A. Mikla náttúrusinna (e. strong purists)
- B. Náttúrusinna (e. moderate purists)
- C. Almenna ferðamenn (e. neutralists)
- D. Þjónustusinna (e. non purists)


(Fredman og Emmelin, 2001; Hendee, Catton Jr., Marlow og Brockman, 1968; Stankey, 1973; Vistad, 1995; Wallsten, 1988)

Þessir hópar haga sér mismunandi, eru með ólíkar óskir um þjónustu og uppbyggingu og gera auk þess mismunandi kröfur til umhverfisins. Á mynd 3 má sjá viðhorfskvarðann og hvernig þolmörk hækka eftir tegund ferðamanna.



Mynd 3 - Viðhorfskvarðinn og þolmörk, staðfært af LT - 2015

Þegar viðhorf og áhugi ferðamanna eru könnuð er áhugavert að velta fyrir sér hvers konar ferðamenn koma á rannsóknarsvæðið og í framhaldinu hvers konar ferðamennska er stunduð þar. Hægt er að greina tegundir ferðamanna eftir þeirri gerð ferðamennsku sem þeir stunda, sjá mynd 4.



Mynd 4 - Ferðamennska, staðfært af LT - 2015

Þolmörk viðunandi breytinga (LAC) er aðferð sem notuð er við að finna út hvaða breytingar hægt er að framkvæma á viðkomandi svæði eða áfangastað þannig að náttúran beri ekki skaða af. Hvernig getum við framkvæmt á svæðinu en um leið uppfyllt skilyrðin um að náttúran nýtist áfram komandi kynslóðum. LAC-aðferðin er meginleg aðferð til að finna út hvaða þættir og leiðir eru færar með hugtakið sjálfbærni í fyrirrúmi (Stankey G.H., Cole D.N., Lucas R.C., Petersen M.E. og Frissell S.S., 1985).



Mynd 5 - Stankey G.H. og fl. ,1985 – staðfært af LT - 2015

3. Gögn og aðferðir

Undirbúningur hófst í byrjun júlí með mótun rannsóknaraðferða. Þýði þessarar rannsóknar eru allir ferðamenn og ferðaþjónustuaðilar sem voru í Kerlingarfjöllum eða áttu viðskipti við Fannborg ehf á rannsóknartíma. Nokkrum aðferðum var beitt í þolmarkarannsókninni (e. tourism carrying capacity) fyrir Fannborg og má skipta henni í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn er stór spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðamenn og við þá tekin nokkur djúpvíðtöl. Annar hlutinn snéri að innlendum sem erlendum fyrirtækjum, þar sem spurningakönnun með opnum spurningum var gerð með vefkönnun og auk þess voru tekin tvö djúpvíðtöl á svæðinu. Þriðji hlutinn, sem Fannborg sá um að setja upp og framkvæma, var rafræn talning bílaumferðar á þjónustusvæði og við hverasvæðið. Markmiðið var að fá upplýsingar um magn umferðar og flæði í Ásgarði og Hveradölum. Fjórti hlutinn er umhverfislegi þáttur rannsóknarinnar þar sem stúgar og innviðir voru myndaðir, mældir og metnir sjónrænt á öllum rannsóknarsvæðunum þremur.

3.1. Þolmörk ferðamanna

Hönnun spurningarlistans var í höndum LT. Á listanum var 31 spurning og sumar í nokkrum liðum. Skipta má könnuninni upp í eftirfarandi efnisþætti:

- Almennar spurningar um kyn, fæðingarár, búsetu og störf viðkomandi.
- Spurningar sem varðar dvölinu í Kerlingarfjöllum, þ.e. aðaltilgang, dvalartíma, athafnir og gistingu.
- Spurningar um hvað heillar, ánægju/óánægju og hugsanleg vonbrigði.
- Spurningar sem gefa til kynna viðhorf til innviða, uppbyggingar innviða, sem og hvað er mikilvægt ferðamanninum á ferðalaginu um svæðið.
- Spurningar til að raða ferðamönnum á viðhorfskvarða.

Spurningakönnuninni var dreift meðal ferðamanna í Kerlingarfjöllum frá 8. ágúst til og með 31. ágúst 2015. Alls var 350 spurningarkönnunum dreift meðal ferðamanna og fengust svör frá 233, sem eru um 66% svörun. Spurningakönnunin var þýdd yfir á þýsku, ensku og frönsku ásamt íslensku útgáfunni. Það voru bæði starfsmenn Fannborgar í Kerlingarfjöllum ásamt starfsmönnum LT sem sáu um dreifingu og úthlutun könnunarinnar til ferðamanna. Úrtakið var tilfallandi (e. random) bæði hvað varðaði kyn, aldur og uppruna. Langflestir ferðamenn fengu könnunina í hendur eftir að hafa verið einn dag á svæðinu.

Af 31 spurningu í könnuninni voru 5 þeirra já-nei spurningar, 13 viðhorfs- og þjónustuspurningar, flestar á „likert-skala“, og 13 upplýsingaspurningar (magnbreytur) um kyn, þjóðerni, ferðamáta viðkomandi og um atferli ferðamanna á svæðinu. Sá hluti skýrslunnar þar sem stuðst er við ofangreinda spurningakönnun er meginlegur (e. quantitative research method). Rannsóknin er meginleg lýsandi rannsókn í formi spurningarlista. Þetta er svokölluð „site survey“ könnun sem er mjög algeng gerð skoðanakannana en hefur þó þann galla að „non users“ eða þeir aðilar/ferðamenn sem ekki nýta sér umrædda þjónustu/svæði reiknast ekki með í tölfræðinni (Page, 2009). Í annan stað er um eigindlega (e. qualitative research method) rannsókn að ræða þar sem viðtöl eða djúpvíðtöl voru tekin við ferðamenn, ferðaskipuleggjendur, ferðaskrifstofur og leiðsögumenn.

Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á lýsandi og túlkandi tölfræði og því er þetta í megin dráttum greinandi rannsókn.

3.2. Ferðaðjónustufyrirtæki

Vefspurningarkönnun (e. web survey) var gerð meðal ferðaðjónustufyrirtækja sem voru í viðskiptum við Fannborg í ágúst 2015. Vefkönnunin var bæði á íslensku og ensku og framkvæmd frá 21. ágúst til og með 1. september 2015.

Auk þess tók LT tvö viðtöl (e. qualitative research method) við ferðaðjónustuaðila á svæðinu þann 13. ágúst, annar viðmælandinn var þýskur og hinn íslenskur. Tímalengd hvers viðtals var um 35 mínútur. Viðtölin voru hálfstýrð, spurningarnar voru þær sömu og í vefspurningarkönnun auk þess sem myndir af fyrirhuguðum framkvæmdum Fannborgar voru sýndar og gerð skil í grundvallaratriðum. Út frá spurningunum spunnust umræður um ferðaðjónustu og ferðamenn á svæðinu.

Tölvupóstur með boð um þátttöku í vefspurningarkönnun var sendur út til 54 ferðaðjónustuaðila. Frá Íslandi (26) og Evrópu (28) og fengust svör frá 20 aðilum, sem er 37% svörun. Tvær ítrekanir voru sendar. Af þeim sem svöruðu voru 15 búsettir í Evrópu, einn í Bandaríkjunum og fjórir á Íslandi.


Hönnun spurningarlistans var í höndum LT og henni var skipt upp í þrjú flokka.

- Ferðaðjónustuaðilar voru m.a. spurðir um starfsemi þeirra á Kerlingarfjallasvæðinu, u.þ.b. fjölda viðskiptavina í einni ferð eða á heilu ári, dagskrá, hvaða staðir eru skoðaðir og hvers konar ferðmenn þeir þjónusta.
- Spurningar um hvernig þeir sjá Kerlingarfjallasvæðið og ferðaðjónustuna þar þróast á næstum árum, sem og um hvers konar mannvirki væru viðeigandi á svæðinu.

- Fyrirhugaðar breytingar voru kynntar í máli og myndum og ferðapjónustuaðilar spurðir álitis á þeim.

3.3. Mat á fjölda ferðamanna og ferðamynstri með umferðateljum

Ein af grunnupplýsingum í ferðamennsku, er þekking á fjölda ferðamanna og hvernig hann dreifist eftir tíma og dögum. Í ljósi þess voru umferðateljarar, með skynjara á vegyfirborði, notaðir í rannsókninni til að gefa greinargóða mynd af umferð ferðafólks og fjölda ferðamanna á athafnasvæði Fannborgar. Notaðir voru tveir teljarar (A og B), sem settir voru niður við vegamótin Ásgarður/fjallið, sjá afstöðu mynd hér til hliðar (mynd 6). Markmið með teljara A var að telja fjölda bifreiða á Ásgarðssvæðið og teljari B að telja bifreiðarnar sem færu veginn upp í fjall að Neðri-Hveradölum. Teljararnir töldu óháð því úr hvaða átt bifreiðarnar komu, sem þýðir að allir bílar sem fóru yfir B voru líka búnir að fara yfir teljara A og fóru aftur til baka yfir A á leið sinni af svæðinu. Báðir teljararnir voru stilltir á að skrá, á hverjum heilum klukkutíma, allar bifreiðar sem færu yfir vegskynjarann allan sólarhringinn.



Mynd 6 - Teljarar í Kerlingarfjöllum

Tvær aðferðir voru notaðar til að meta fjölda ferðamanna í bifreiðum. Fyrri aðferðin var sú að starfsmenn Fannborgar töldu alla bíla og fjölda farþega sem komu inná svæðið, 26. júlí, til að finna út meðaltal farþega í bíl. Seinni aðferðin var að spyrja ferðamenn í spurningarkönnuninni 8.-31. ágúst um fjölda farþega í bílunum.

3.4. Skoðun göngustíga, gróðursþekju og umhverfis

Við skoðun göngustíga, gróðurs og umhverfis á svæði A, B, C var stuðst við vettvangsferðir, mælingar og myndatökur af viðkomandi svæði. Litið var einkum eftir eftirtöldum atriðum:

- | | |
|----------------------------------|---------------------------------|
| A. Dýpt göngustíga. | E. Merkingu gönguleiða. |
| B. Breidd göngustíga. | F. Aðvörunar- og leiðarskiltum. |
| C. Gróðurskemmdum. | G. Skemmd á hveraútfellingum. |
| D. Ummerkjum utan merktra leiða. | H. Legu göngustíga í landslagi. |

Skýrsluhöfundar gengu göngustíga á svæði A, B og C og mældu gróflega breidd og dýpt þeirra ásamt því að taka myndir af svæðum sem höfundar töldu að rekstraraðilar svæðisins þyrftu að lagfæra.

Litið var eftir gróðurskemmdum og sérstaklega horft til skemmda við hverri og við merкта göngustíga. Lega göngustíga var sérstaklega skoðuð með tilliti til legu í hallandi landslagi og möguleikum á úrrennsli vegna vatnsaga.


Einnig var sérstaklega skoðuð lega göngustíga í og við mosagróður en mosabemba er talin vera ein viðkvæmasta gróðurþekja gagnvart álagi og hefur því lægri þolmörk en annar lággróður miðað við sama álag (Guðrún Gísladóttir, 2003 og 2006).

Því var skoðun göngustíga, gróðurþekju og umhverfis í þessari þolmarkarannsókn að mestu leyti sjónræn. Slík skoðun er af mörgum talin óáreiðanlegri en aðrar skoðanir sem byggja á ítarlegri mælingum en eiga þó að gefa nokkuð heildstæða mynd af ástandi svæðis og breytingum yfir tíma (Jewell & Hammit, 2000 og Cole, 1983).

4. Rannsóknarsvæðið

4.1. Lýsing, gerð

Hálendissvæðið Kjölur er vinsælt útivistarsvæði sem dregur að sér fjölbreyttan hóp ferðamanna ár hvert, jafnt að vetri sem sumri. Áætlað er að um þetta ákveðna svæði (sjá mynd 7) fari um 25-30 þúsund ferðamenn árlega ýmist akandi, hjólandi, gangandi eða með öðrum hætti og ýmist á eigin vegum eða í skipulögðum ferðum (Oddný Þóra Óladóttir, 2015). Þetta eru ferðamenn sem hafa ríkan áhuga á hálendi landsins, stórbrotnu landslagi og fjölbreyttri náttúru. Þessir sömu ferðamenn óska þess í ríkara mæli að ganga eða aka um svæðið og njóta andstæðna óbyggðarinnar, villtrar og ósnortinnar náttúru (MMR, 2012).



Mynd 7 - Staðsetning Kerlingarfjalla á Kili

Miðja vegu á Kili, suð/vestan undir Hofsjökli, eru Kerlingarfjöll. Þetta er áberandi líparít fjallgarður sem rís hæst í um 1.480m og afmarkar rannsóknarsvæði viðkomandi þolmarkarannsóknar sem þessi skýrsla fjallar um. Þetta afmarkaða rannsóknarsvæði (sjá mynd 8) er um 30 km² og í umsjón Fannborgar samkvæmt samningi við Hrunamannahrepp þar um. Hverasvæðið sjálft, sem er um 31 km² að stærð, skiptist svo í þrjú afmörkuð svæði þ.e. Efri-Hveradali, Neðri-Hveradali og Hverabotn. Neðri-Hveradalir, sem eru um 7 km² að stærð, eru innan rannsóknarsvæðisins. Þar eru bæði leirhverir og vatnshverir. Hiti í hverum á hverasvæðinu er all nokkur og hefur mælst um 150°C (Árni Hjartarson og Magnús Ólafsson, 2005).

„Hveravirkni er mikil og óviða á háhitasvæðum munu laugar, hverir og gufuaugu jafn þéttstæð, sem þýðir að fá svæði eru jafn orkurík á flatareiningu. Gufuaugu, gufuhverir, soðpönnur og leirhverir eru algengustu hverirnir. Litríkar útfellingar af brennisteini og söltum eru víða kringum gufuaugu og fjölbreytilegt litaspil í hveraleirnum“ (María Guðmundsdóttir, Jónas Ketilsson, Linda Georgsdóttir og Erla Björk Þorgeirsdóttir, 2015).

Eins og sést glögglega á mynd 8 þá nær viðkomandi rannsóknarsvæði yfir stóran hluta fjallgarðsins og falla þar undir eftirfarandi fjöll m.a. Loðmundur, Snót, Snækollur, Vesturgnípur, Fannborg og Mænir.



Mynd 8 - Umráðasvæði Fannborgar samkvæmt samningi þar um

Til rannsóknarsvæðisins telst einnig Ásgarðsgil og dalurinn Ásgarður, undir Ásgarðsfjalli, þar sem núverandi þjónustubyggingar standa (mynd 9 og 10).



Mynd 9 - Ásgarðsdalur og Ásgarðsfjall, 2008



Mynd 10 - Ásgarðsdalur og Ásgarðsfjall, 2015

Stærsti hluti rannsóknarsvæðisins er lítið gróinn og er talið að aðeins um 16% sé gróið land með um 10% gróðurþekju (Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen, 2009). Moslendi er um 14% af svæðinu en annar gróður er votlendi og mólendi. Mosategundir eru helst hélumosagróður sem flokkast undir snjódældargróður og mosi með smáplöntum. Stærsti hlutinn er þó ógróinn og áberandi eru melar og skriður. Í Kerlingarfjöllum, þ.e. á rannsóknarsvæðinu, finnst jarðhitamosinn laugaslyðra (e. *gymnocolea inflata*) og flétturarnar hamranafli (e. *umbilicaria vellea*) og svarðskjóða (e. *europsis pulvinata*) sem báðar eru með hátt verndargildi (Ásrún Elmarsdóttir og fl. 2009).



Mynd 11- Hamranafli



Mynd 12 - Svarðskjóða



Mynd 13 - Laugaslyðra

Að rannsóknarsvæðinu liggja þrjár akfærar leiðir. Frá Kjalvegi (35) liggur vegur/afleggjari (F-347) í gegnum Fossrófur. Þaðan fram hjá Gýgjarfossi við Blákvísl og yfir Ásgarðsá inn í Ásgarð. Þessi leið er í dag fær flestum bílum yfir sumartímann og hefur vegagerðin í samvinnu við rekstraraðila séð til þess að yfir ár, sem ekki hafa enn verið brúaðar, hafa verið lögð rör og því engin vöð á leiðinni. Aðrar akfærar leiðir inn á rannsóknarsvæðið er Leppistunguleið austan megin Hvítár og leið austan megin Kerlingarfjalla frá Setri/Kisubotnum norður eftir og norð/vestur með Ásgarðsfjalli. Báðar þær leiðir eru aðeins færar vel útbúnum 4 x 4 bílum og ekki færar nema hluta af sumri.

4.2. Hvers konar ferðamennska er og hefur verið stunduð á rannsóknarsvæðinu?

Saga útivistar í Kerlingarfjöllum er löng og þar kemur til margvísleg starfsemi allt frá 1935. Snemma á síðustu öld fóru menn að horfa til Kerlingarfjalla sem áhugaverðs svæðis til útivistar. Frumkvöðull í útivist, Guðmundur Einarsson frá Miðdal, hóf kennslu í fjallamennsku um 1935 í Kerlingarfjöllum. Fór hann þangað upp eftir á hestum með nemendur og kenndi þeim sig í íshella og sprungur ásamt öðrum þáttum fjallamenskunnar. Hélt Guðmundur til í Ásgarðsdal þar sem nú er starfsemi Fannborgar. Guðmundur segir í bók sinni eftirfarandi um Kerlingarfjöll:



Mynd 14 - Fjallanámskeið hjá Guðmundi frá Miðdal í Kerlingarfjöllum

“Kerlingarfjöll eru fegurst líparít fjalla á Íslandi. Tindar þeirra væru svo margbreytilegir að þeir minna á austurlensk hof” (Guðmundur Einarsson, 1946)

Guðmundur frá Miðdal var þannig frumkvöðull um nýtingu auðlindarinnar / náttúrunnar í Kerlingarfjöllum og kynnti fyrir landsmönnum þessa útivistarperlu. Guðmundur flutti svo starfsemi sína í Tindfjöll nokkru síðar. Í kjölfar ferða Guðmundar fór Ferðafélag Íslands að horfa til svæðisins og hófu ferðir þangað um 1936. Byggði félagið síðan skála í Ásgarði árið 1937-38. Þannig dafnaði ferðamennska, byggð upp á náttúruskoðun og gönguferðum, allt fram yfir 1961.



Mynd 15 - Fjallanámskeið hjá Guðmundi í Tindfjöllum

Upp úr 1961 tók við annars konar útivist en það var skíðamennska sem Skíðaskólinn Í Kerlingarfjöllum stóð fyrir allt til ársins 1999. Sú starfsemi einskorðaðist við sumartímamann og var starfsemin í gangi frá um 20. júní ár hvert til enda ágúst. Voru vinsældir þeirrar starfsemi afar miklar og telja margir að þeir ágætu frumkvöðlar, sem settu á stofn Skíðaskólann, hafi kennt á þeim árum (1961-1999) stórum hluta landsmanna á skíði (Sjá mynd 15 og 16).




Mynd 16- Skíðafólk í Fannborg 1961

Byggðust upp á starfsárum skólans þeir innviðir / byggingar sem nú prýða Ásgarð og eru undirstaða þeirrar starfsemi sem þar er rekin í dag (Hálendismiðstöðin í Kerlingarfjöllum, sjá mynd 9 og 10). Fannborg með nýjum hluthöfum og nýja sýn á rekstrarfyrirkomulagið tók við starfseminni árið 2000 og leggur í dag megin áherslu á að þjónusta ferðamenn sem að stærstum hluta eru náttúruskoðendur og stunda gönguferðir og fjallaferðir á svæðinu. Þannig hefur sú ferðamennska sem Guðmundur frá Miðdal hóf í Kerlingarfjöllum á sínum tíma gengið í endurnýjun lífdaga og má setja það upp samkvæmt líftímakúrfu Butlers (sjá mynd 18).



Mynd 17- Skíðakemsla í Kerlingarfjöllum / Fannborg



Mynd 18 - Líftímakúrfa Butlers (1980) sett í samhengi við fjölda ferðamanna í Kerlingarfjöllum frá 1935, staðfærð af LT, 2015

Ef þróun útivistar og ferðamennsku í Kerlingarfjöllum síðustu 80 ár er spegluð inn í líftímakúrfu Butlers þá lítur sú niðurstaða út eins og eftirfarandi tafla sýnir (tafla 1):

Tafla 1 – þróun ferðamennsku í Kerlingarfjöllum í 80 ár

- 1. Könnunarfasi** - Fyrstu ferðir Guðmundar Einarssonar frá Miðdal með fjallanámskeið (1934-1961) og ferðir Ferðafélags Íslands í Ásgarð (ferðafélagsskálinn).
- 2. Upphaf** - Fyrstu ferðir Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum á svæðið og nýting fjallendis til skíðaiðkunar (1961).
- 3. Þróun** - Starfsemi Skíðaskólans frá 1965-1970.

- D. **4. Styrking** - Bygging innviða og frekari markaðssetning á Skíðaskólanum 1971-1985.
- E. **5. Stöðnun** - Erfiðleikar í rekstri Skíðaskólans vegna áfalla eins og eldgos/aska og minnkandi snjór 1985-1995.
- F. **6. Hnignun** - Skíðaskólinn hættir starfsemi 1999.
- G. **7. Endurnýjun** - Hálendismiðstöðin í Kerlingarfjöllum (Fannborg ehf) tekur við rekstrinum og setur ný viðmið í ferðamennsku á staðnum byggða á gömlum grunni 2000.

Í samantekt sem Páll Gíslason, framkvæmdastjóri Fannborgar tók saman (Viðauki II), þá hefur Fannborg endurbyggt flest öll hús á svæðinu og þau verið hólfuð í herbergi. Þannig hefur áherslan færst úr svefnpokaplássi yfir í uppábúin rúm í tveggja til fjögurra manna herbergjum. Í umhverfismálum hefur Fannborg lagt áherslu á hreinsun lands í Kerlingarfjöllum sem og á Kili og haft þannig jákvæð afturkræf áhrif á fyrri umgengni. Til að stuðla að sjálfbærni í Kerlingarfjöllum hafa Fannborgarmenn endurbyggt vatnsaflsstöð til raforkuframleiðslu, lagt jarðstrenginn í jörð, leitað eftir heitu vatni til upphitunar og nú er öllu sorpi ekið til byggða. Ásamt þessum framkvæmdum hefur Fannborg unnið með sveitarfélaginu að deiliskipulagi fyrir svæðið, sem það hefur nú samþykkt. Allt þetta hefur haft jákvæð áhrif á núverandi ferðamennsku og upplifun ferðamanna að mati skýrsluhöfunda.

4.4. Skipting svæðisins í þrjú rannsóknarsvæði:

Tegundir ferðamanna einkennast af þeirri landslagsgerð sem þeir fara um og af þeirri afþreyingu sem þeir stunda hverju sinni (Bentley, Page, Meyer, Chalmers og Laird, 2001). Út frá skilgreiningu Bentley's og félaga og út frá skilgreiningu Hvítbókar á landslagsgerð um náttúruvernd skiptum við rannsóknarsvæðinu niður í þrjá megin hluta.

Neðri-Hveradalir (A)	Austari fjallgarður (B)	Ásgarður og nær umhverfi (C)
Náttúruskoðun, gönguferðir	Náttúruskoðun, gönguferðir og fjallgöngur	Gönguferðir, þjónustukjarni, innviðir/gisting

Ef horft er til sögu svæðisins og til þeirra innviða (bygginga, göngustíga og vegslóða) sem þegar eru á svæðinu þá er svæðið ekki ósnortið. Skilgreining náttúruverndarlaga um ósnortið landssvæði er á þá leið að svæði getur ekki kallast ósnortið nema þar sé hægt að njóta **einveru** og náttúru. Auk þess þarf svæðið að vera að minnsta kosti 25 km². Rannsóknarsvæðið sem hér er skilgreint er því ekki ósnortið samkvæmt skilgreiningu náttúruverndarlaga en stór hluti landsvæða

á Kili myndu þó falla undir þessa skilgreiningu sem og hluti rannsóknarsvæðisins og svæðin í nágrenni Kerlingarfjalla (sjá mynd 8). Síðan 1935 hafa innviðir byggst upp á rannsóknarsvæðinu í kjölfar fjölbreyttrar starfsemi.

Rannsóknarsvæðið er innan þjóðlendu og er því utan eignarlanda. Einstaklingar eða fyrirtæki geta þó átt takmörkuð réttindi innan þjóðlendu m.a. varðandi nýtingu vatns og jarðhita samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur. Í annan stað er vísað til samnings Fannborgar við umsjónaraðila svæðisins þ.e. Hrunamannahrepp og til aðalskipulags og deiliskipulags.

5. Rannsóknin

5.1. Umferðateljarar og meðhöndlun gagna

Til að fá sem best yfirlit yfir umferðina, þá voru gögnin greind í fimm þætti:

1. **Heildarumferð á rannsóknartíma.**
2. **Heildarfjöldi á sólarhring.** Hér má sjá hvenær mesta umferðin er og hugsanlegar sveiflur vegna veðurfars.
3. **Dreifing umferðar fyrir hverja klukkustund.** Hér má sjá hvenær sólarhringsins er háannartími, sem t.d. getur varpað ljósi á hámarksálag á salerni og aðra innviði.
4. **Dreifing umferðar eftir dögum.** Með þessari nálgun má sjá t.d. hvort umferð um helgar sé önnur en á virkum dögum, sem og hvort umferðin sé meiri ákveðna vikudaga en aðra.
5. **Reiknað meðaltal / miðgildi eftir dögum.** Með þessari nálgun fæst betri yfirsýn hvernig umferðin breytist í ágúst.


5.1.1. Umferðateljari A

Umferðateljari A var settur niður á F347 (sjá mynd 6) norður af fyrrum ferðafélagsskála FÍ. Hann taldi alla umferð inn á og út af Kerlingarfjallasvæðinu (rannsóknarsæðinu) og gerði ekki greinamun á í hvaða akstursátt var ekið.

Heildarumferð á rannsóknartíma


Alls voru það 1.545 bílar sem fóru fram og til baka yfir teljara A, dagana 9.-31. ágúst 2015. Sem gerir 67 bílar (m/rútum) að meðtali á dag. Miðgildið er 69 bílar pr. dag, hæsta gildið var 97 bílar þann 11. ágúst og það lægsta var 41 bílar 28. ágúst.

Heildarfjöldi á sólarhring




Mynd 19 - Teljari A - fjöldi bíla eftir dögum

Dreifing umferðar




Mynd 20 - Teljari A - dreifing umferðar, reiknað fyrir hverja klukkustund

Dreifing umferðar eftir dögum



Mynd 21 - Teljari A - dreifing umferðar eftir vikudögum, meðaltal pr. dag

Dreifing umferðar eftir vikum



Mynd 22 - Teljari A - dreifing umferðar eftir vikudögum, pr. viku


5.1.2. Umferðateljari B

Umferðateljari B, var settur niður við upphaf vegarins upp á Keis (sjá mynd 6). Hann taldi alla sem óku yfir skynjarann, óháð akstursstefnu, og keyrðu upp til Hveradala og til baka.

Heildarumferð á rannsóknartíma


Alls voru það 965 bílar sem fóru fram og til baka yfir teljara B, dagana 9.-31. ágúst 2015. Sem gerir 42 bílar að meðtali á dag. Miðgildið er 41 bílar pr. dag, hæsta gildið var 63 bílar þann 13. ágúst og það lægsta var 26 bílar 31. ágúst.

Heildarfjöldi á sólarhring




Mynd 23 - Teljari B - fjöldi bíla eftir dögum

Dreifing umferðar




Mynd 24 - Teljari B - dreifing umferðar, reiknað fyrir hverja klukkustund

Dreifing umferðar eftir dögum



Mynd 25 - Teljari B - dreifing umferðar eftir vikudögum, meðaltal pr. dag


Dreifing umferðar eftir vikum



Mynd 26 - Teljari B - dreifing umferðar eftir vikudögum, pr. viku

5.1.3. Umferðateljari A og B

Teljari A og B, Aðkoma Ásgarður (1.545 bílar) og aðkoma fjallið (965 bílar)



Mynd 27 - Fjöldi bíla

5.1.4. Fjöldi ferðamanna

Starfsmenn Fannborgar töldu alla bíla og fjölda farþega sem komu inn á svæðið 26. og 27. júlí 2015, til að finna út meðaltal farþega í bíl.

Dags.	Inn á svæðið, teljari A			Upp í fjall, teljari B		
	Bílar alls	Fjöldi	Meðalfjöldi/bíl	Bílar alls	Fjöldi	Meðalfjöldi/bíl
26.7.2015	88	350	3,97	66	246	3,77
27.7.2015	59	258	4,37			
Meðaltal	73,5	304	4,13			

Tafla 2. Talning 26-27.júlí 2015.

Í spurningarkönnuninni 8. til 31. ágúst voru ferðamenn spurðir um fjölda farþega í þeim bílum sem þeir ferðuðust í.

Langflestir sem koma til Kerlingarfjalla eru tveir saman í bíl eða 24%. Meðalfjöldi í bíl/rútum er því 3,55 farþegar og meðaltalið lækkar í 3,09 farþegar ef stærri bílar með farþegafjölda 11 eða meira er ekki taldir með.

Dags.	Bílar alls	Fjöldi	Meðalfjöldi í bíl í könnuninni	
8-31. ágúst '15	134	475	3,55	m/hópferðabílum
8-31. ágúst '15	129	399	3,09	án hópferðabíla

Tafla 3. Meðalfjöldi í bíl.

Fjöldi í bíl	Fjöldi bíla	
1	3	3
2	58	116
3	26	78
4	23	92
5	8	40
6	7	42
7	4	28
11	1	11
13	1	13
14	1	14
18	1	18
20	1	20
	134	475

Tafla 4. Fjöldi farþega í bíl

Hveradalir


Starfsmenn LT töldu alla sem lögðu af stað fótgangandi frá Ásgarði gönguleiðina í áttina til Hveradala og/eða komu til Hveradala eftir gönguleiðinni frá kl. 08:00 til 13.00, 15. ágúst. Alls voru þetta 30 göngumenn. Þessi fjöldi ferðamanna gefur okkur vísbendingu um hversu margir á degi hverjum fara fótgangandi yfir í Hveradali. Þeir geta verið fleiri eða færri að meðaltali á dag, en veðurfar skiptir þar miklu máli.

5.1.5. Niðurstaða

Á rannsóknartíma 9. til 31. ágúst komu um **5.500-6.400 ferðamenn í Kerlingarfjöllin** og þar af fóru um **4.100 til 4.700 ferðamenn í Hveradali**.

Áætlun fyrir sumarið 2015

Þar sem talning bíla hófst ekki fyrr en í byrjun ágúst, var ákveðið að áætla fjölda ferðamanna frá miðjum júní til loka september 2015. Eftir að hafa skoðað umferðatalningar á Kjalvegi 2014, gistináttatölur 2014 og nýjustu umferðatalningar ágúst og september 2015 var ákveðið að nálgast útreikning miðað 60 daga meðaltalinu 67 bíla á sólarhring. Niðurstaðan úr þeirri nálgun gerir um **14 til 16 þúsund ferðamenn á hverju ári á Kerlingarfjallasvæðinu**. Fyrir Hveradali notuðum við eins aðferð og áætlum að auki um 1.800 göngumenn til viðbótar, sem gerir að um **10 til 11 þúsund ferðamenn komi í Hveradali á hverju ári**.

				23 dagar	9. til 31. ágúst	60 dagar	Sumarið 2015
	Svæði	meðaltal pr. dag	meðalfjöldi í bíl	Bifreiðar	Ferðamenn	Bifreiðar	Ferðamenn
LT-minni bifreiðar	Ásgarður	67	3,09	1.545	4.774	4.020	12.422
	Upp í fjall Hveradalir	42	3,09	965	2.982	2.520	7.787
	Kjalvegur (2014) *	80	3,09	1.840	5.686	4.800	14.832
LT-allar bifreiðar	Ásgarður	67	3,55	1.545	5.485	4.020	14.271
	Upp í fjall Hveradalir	42	3,55	965	3.426	2.520	8.946
	Kjalvegur (2014) *	80	3,55	1.840	6.532	4.800	17.040
Fannborg allar bifreiðar	Ásgarður	67	3,97	1.545	6.134	4.020	15.959
	Upp í fjall Hveradalir	42	3,77	965	3.638	2.520	9.500
	Kjalvegur (2014) *	80	3,97	1.840	7.305	4.800	19.056
Fannborg allar bifreiðar	Ásgarður	67	4,13	1.545	6.381	4.020	16.603
	Upp í fjall Hveradalir	42	4,13	965	3.985	2.520	10.408
	Kjalvegur (2014) *	80	4,13	1.840	7.599	4.800	19.824
Gönguleið	Ásgarður-Hveradalir**	30			690		1.800

* sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september 2014 (Hvítárnesleið)

** 15. ágúst 2015, á leið 2 samkvæmt gönguleiðakorti.

Tafla 5 - Byggir á niðurstöðum á rannsóknartíma (23 daga) og áætlun fyrir sumarið allt (60 daga).

5.2. Gistináttatölur

Allir sem selja gistiþjónustu þurfa að skila Hagstofu Íslands gistiskýrslu mánaðarlega og er tilgangurinn að safna upplýsingum sem nýtast mun við skipulagningu á einstökum ferðaþjónustusvæðum og sveitarfélögum (Hagstofan, 2015).

Gistináttatölur fyrir árið 2014 í Kerlingarfjöllum voru fengnar frá Fannborg og eru samkvæmt gistiskýrslum sem sendar voru til Hagstofunnar. Þar sem ekki lágu fyrir tölur 2015 þá var ákveðið að uppfæra tölurnar 2014 með margfeldinu 1,10 en áætluð aukning eftir skoðun rekstrar 2015 er um 10%.

Gistináttatölur í Kerlingarfjöllum 2014 og áætlun fyrir 2015			
	Gistinætur 2014	Gistinætur 2015 (áætlun)	Rúm / fjöldi
Svefnpokapláss	2.860	3.146	56
Uppábúið / hótélherbergi	2.433	2.676	45
Tjaldsvæði / gisting	4.571	5.028	200
Samanlagt	9.864	10.850	301

Tafla 6. Gistináttatölur 2015, LT - rannsóknir og ráðgjöf.

Ofangreindar gistináttatölur eru grundvöllur útreikninga á nýtingu innviða í kafla 5.10.

5.3. Viðhorfskönnun ferðamanna

Viðhorf ferðamanna voru könnuð með spurningarlistum og viðtölum. Spurningakönnuninni var skipt upp í fimm flokka/þætti og spurningarnar síðan flokkaðar í 4 flokka.

- **Ferðamenn og einkenni þeirra**

Almennar upplýsingar um viðkomandi, dvalartími og tegund gistingar.

- **Flokkun ferðamanna eftir afþreyingu**

Hver var tilgangur ferðarinnar og hvað var gert.

- **Ánægjuvæntingar, vonbrigði og viðhorf**


Hvað heillar við svæðið, viðhorf til ferðaþjónustu áfnagastaðarins, umfang hennar og gerð

- **Ummerki eftir ferðamenn í náttúrunni**

Traðk, rusl og utanvegakstur.

Alls svöruðu 233 einstaklingar spurningakönnunni á pappír og rafrænt (vefnum).


Kynjahlutfall ferðamanna sem heimsóttu Kerlingarfjöll og svöruðu könnuninni var jafnt, 117 konur og 116 karlar. Stærsti hópurinn var á aldrinum 45 - 55 ára og hlutföllin voru nokkuð jöfn á öðrum aldursbilum.



Mynd 28 - Aldursskipting ferðamanna


5.3.1. Ferðamenn og einkenni þeirra

Fjölmennustu ferðamenn voru Þjóðverjar og Frakkar eða samanlagt um 50% þeirra sem komu í Kerlingarfjöll á tímabilinu. Íslendingar voru þriðju fjölmennastir og þar á eftir Svisslendingar og Hollendingar (mynd 29). Það sem kemur ef til vill á óvart er hversu margir Íslendingar mælast í könnuninni. Mögulega er það vísbending um að áhugi landans er að aukast á hálendi landsins. Hvað varðar útlendinga sem koma til landsins yfir sumartímann samkvæmt Ferðamálastofu þá endurspeglar niðurstöður um þjóðerni ekki þær niðurstöður sem birtast í þessari könnun. Þó eru frakkar og þjóðverjar fjölmennir bæði í tölum ferðamálastofu frá 2014 (Ferðamálastofa, 2015) og úr þolmarkarannsókninni í Kerlingarfjöllum.




Mynd 29 - Ferðamenn eftir þjóðerni

Dvalartími ferðamanna í Kerlingarfjöllum var allt frá nokkrum klst. og lengst var gisti í 14 nætur. Flestir gistu í eina nótt og að meðaltali var gisti 1,5 nótt (mynd 30). 90% þeirra ferðamanna sem þátt tóku í könnuninni gistu í Kerlingarfjöllum og því aðeins 10% sem teljast til ferðamanna sem eru á leið sinni um Kjöl og eru ekki að nýta sér gistipjónustu í Ásgarðsdal.




Mynd 30 - Dvalartími ferðamanna

Mynd 31. sýnir glögg að lang flestir sem koma í Kerlingarfjöll eru með fjölskyldunni, vinum og ættingjum. Í ljósi þeirrar niðurstöðu og með hliðsjón af mynd 4. á bls. 12 má skilgreina tegund ferðamennsku í Kerlingarfjöllum sem einstaklingsmiðaða ferðamennsku með aðal áherslu á náttúruskoðun og útivist. Sú niðurstaða að aðeins um 30% ferðast til Kerlingarfjalla með hópþjónustu undirstrikar þessa skilgreiningu.




Mynd 31 - Með hverjum ferðast ferðamenn

Ferðamenn voru spurðir að því hvernig þeir ferðuðust til svæðisins (mynd 32). Algengast var að fólk ferðaðist um í bílaleigubíl og næst algengast var að ferðamenn nýttu sér hópferðabíla eða áætlunarferðir til Kerlingarfjalla. Þeir sem voru á eigin bíl og á bílaleigubíl er 54%. Um 10% kom gangandi og 6% komu á annan hátt eða á mótörhjól eða fjórhjól og 1% á reiðhjól.




Mynd 32 - Hvernig ferðast ferðamenn til Kerlingarfjalla

Ferðamenn voru einnig spurðir að því hve lengi þeir hugðust dvelja í þessari ferð á hálendi Íslands. Svörin voru allt frá einum degi og upp í 20 daga. Algengast var að ferðamenn ætluðu að dvelji 2-3 daga á hálendinu og meðaltalið var 3,6 nætur (mynd 33).



Mynd 33 - Hvað ætlar þú að dvelja lengi á hálendinu


Ef titið er á hvaða tegund/hópur ferðamanna það er sem heimsækir Kerlingarfjöll, og horft til þjóðfélagsstigans eða starfsvettvangs, er lang stærsti hópurinn sérfræðingar (læknir, lögfræðingur, arkitekt, kennari o.s.frv.). Þetta er sá hópur sem skilgreindur er með mikla formlega menntun. Næst stærsti hópurinn eru nemendur, þar á eftir skrifstofu- og þjónustustörf. Þessar upplýsingar koma heim og saman við könnun Ferðamálastofu um að Ísland laðar einkum til sín vel stæða einstaklinga í góðum störfum með áhuga á náttúru landsins (Ferðamálastofa, 2015:15).



Mynd 34 - Hvað ætlar þú að dvelja lengi á hálendinu

Kjölur er víðfemt útivistarsvæði og margir áhugaverðir staðir sem vert er að skoða. Ferðamenn voru því spurðir hvort þeir heimsóttu einhverja aðra staði á Kili í þessari ferð til Kerlingarfjalla. Það kom á óvart hversu fáir af gestum Kerlingarfjalla heimsóttu aðra staði (mynd

35). Þó eru um 50% þeirra að koma við á Hveravöllum. Í ljós kom, þegar svör við spurningu 30. voru skoðuð og spurt var um vegakerfið og heimsóknir til þessara sömu staða, að um 17% töldu vegakerfið hafa verið hindrun en um 45% sáu ekki ástæðu eða áætluðu ekki að heimsækja þessa staði.



Mynd 35 - Fleiri staðir á hálendinu heimsóttir

Niðurstöður úr spurningu 29 um tegund gistingar (mynd 36) sýndu að algengast var að ferðamenn gistu í tjaldi. Næst flestir voru í hótलगistingu og þar á eftir í svefnpokaplássu. Það er því nokkuð mislitur hópur náttúruunnenda, hvað þetta varðar, sem heimsækir Kerlingarfjöll. Ljóst er að rekstraraðilar þurfa því að sinna fjölbreyttum óskum um gistingu og taka mið af því í uppbyggingu staðarins. Rétt er fyrir rekstraraðila á svæðinu að horfa vel í niðurstöður úr spurningum 5, 9, 16, 17, 18 og 24 þegar lagst er yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.




Mynd 36 - Hvernig gistingu nýttir þú þér í Kerlingarfjöllum?

Ferðamennirnir voru spurðir, í opinni spurningu, hvers vegna þeir ferðuðust um svæðið. Í samantekt og flokkun á svörum við spurningunni, kom í ljós að flestir nefndu gönguferð aðrir vegna landslagsins og náttúrunnar og jarðfræðifyribæra (mynd 37). Um 10% nefndu annað eins og; hlekkur í stærri ferð, fáir ferðamenn, ævintýri og hluti af því að skoða Ísland. Auk þess var orðspor, upplýsingar frá manni til manns nefnt sem ástæða ferðalagsins í Kerlingarfjöll. Svörin voru margvísleg eins og sést hér að neðan:

“Read about it in 'Lonley Planet - Looked at your website - It sounded like a place for me”

“Vegna þess að svæðið er með fallega hverri og stórbrotið landslag”


“Það er rómað og hefur löngum verið ... og er dásamlegt”



Mynd 37 - Hvers vegna ferðast þú um þetta svæði?

5.3.2. Flokkun ferðamanna eftir afþreyingu

Flestir ferðamenn fóru í gönguferðir um svæðið. Nokkuð vinsælt var að taka ljósmyndir og það eitt og sér gefur tækifæri til útfærslu á frekari sóknarfæri á gönguferðum fyrir áhugaljósmyndara. Að baða sig í heitri laug og skoða jarðfræði fyrirbæri var einnig nokkuð vinsælt. Ferðmenn á svæðinu voru einnig mjög áhugasamir um jarðfræðina og þá var það helst háhitasvæðið og litadýrðin í náttúrunni sem heillaði hvað mest. Ef þessar upplýsingar eru speglaðar inn í mynd 4. um tegundir ferðamennsku, þá er ljóst, eins og áður er komið fram, að stærstur hluti ferðamanna í Kerlingarfjöllum fellur undir þá tegund ferðamennsku sem er einstaklingsmiðuð, þar sem náttúran er aðal hvatinn, blönduð hóflegri ævintýramennsku ásamt hreyfingu og útivist. Þessi tegund ferðamennsku getur verið upplýsandi og fræðandi með hæfilegu samtali við náttúruna og skoðun fjölbreytileikans.




Mynd 38 - Afþreying

5.3.3. Ánægjuvæntingar, vonbrigði og viðhorf


Ferðamenn voru spurðir hvort að eitthvað hafi ollið þeim sérstökum vonbrigðum við heimsóknina á svæðið og hvað það væri sem heillaði. Ferðamenn voru almennt ánægðir með heimsókn sína til Kerlingarfjalla. Tæplega 70% ferðamanna urðu ekki fyrir neinum vonbrigðum og hinir sem urðu fyrir vonbrigðum nefndu; veðurfar, rigningu, vinnuvélar á svæðinu, rask og framkvæmdir. Auk þess þótti sumum vera of margt fólk, mikið af jeppum, ásamt þrengslum í Herragarði (eldunaraðstaða / matsalur fyrir tjaldbúa og fl.).

Þrátt fyrir aðfinnslur og vonbrigði sumra gesta í Kerlingarfjöllum voru um 89% (52+37) þeirra ánægðir og mjög ánægðir með dvölinu í fjöllumunum. Aðeins 4% svöruðu spurningunni, hvað varðaði ánægjuvögina (mynd 39), neitandi. Þessi niðurstaða er á svipuðum nótum og í könnun sem gerð var 2008 um viðhorf ferðamanna á Kili. Þar voru um 97% (65+32) ferðamanna ánægðir og mjög ánægðir með dvölinu á Kili (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2009).




Mynd 39 - Ánægja með ferðina í Kerlingarfjöll

Það kom heldur ekkert á óvart að það sem heillaði ferðamenn mest var náttúran. Annað sem ferðamenn nefndu voru heitar laugar, náttúruþyrri, fjöll og litardýrð.




Mynd 40 - Hvað heillar þig við svæðið?


Ferðmenn voru spurðir að því hvort að þeir höfðu komið áður í Kerlingarfjöll (mynd 41) og svöruðu 34% aðspurðra því játandi. Af þeim sem höfðu komið áður töldu 67% þeirra, að fleiri ferðamenn væru á svæðinu nú en í fyrri ferðum hjá viðkomandi, 31% töldu að það væri engin breyting og 2% sögðu að það væru færri ferðamenn en áður. Þá taldi meirihluti ferðamanna meiri líkur á því að þeir myndu heimsækja Kerlingarfjöll aftur frekar en ekki (mynd 42).




Mynd 42 - Hefur þú komið áður í Kerlingarfjöll?




Mynd 41 - Telur þú líklegt að þú komir aftur á svæðið?



Mynd 43 - Finnst þér ósnortin víðerni vera hluti af aðdráttarafli svæðisins?



Mynd 44 - Væntingar um fjölda ferðamanna á svæðinu



Mynd 45 - Finnst þér ósnortin víðerni vera hluti af aðdráttarafli svæðisins?


Flokkun ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum

Spurningin “Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið” er notuð til að flokka ferðamenn eftir viðhorfskvarðanum, sjá mynd 46, þar sem meðaltal hvers atriðis var reiknað. Með þessari aðferð kemur í ljós að ferðamönnum finnst mikilvægast að upplifa.

Óraskaða náttúru, kyrrð og ró. Þar sem kom næst var mikilvægi merktra gönguleiða, að sjá ekki ummerki eftir utanvegaakstur og að geta gengið um svæðið án þess að mannvirki sjáist. Ennfremur þóttu ferðamönnum fremur mikilvægt að lagðir séu göngustígar, að það séu fáir ferðamenn á svæðinu og að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn. Þar á eftir komu mikilvægi göngubrúa, að skoðunarverðir staðir séu merktir og hafa skipulögð tjaldsvæði. Það sem þótti síst mikilvægt var að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins og áningarstaðir með bekkir og borð.


Þessi spurning hafði einnig það markmið að flokka ferðamenn í fjóra flokka með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (e. purist scale): þjónustusinna, almenna ferðamenn, náttúrusinna og mikla náttúrusinna ((Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007). Þjónustusinnar vilja göngustíga og skoðunarverðir staðir séu merktir og fjöldi annarra ferðamanna og mannvirki rýra ekki upplifun þeirra. Náttúrusinnar eru meira á öndverðu meiði, þeir vilja hafa sem minnst aðra ferðamenn, vilja ekki hafa merkingar og skipulögð tjaldsvæði og eru viðkvæmir fyrri allri röskun á umhverfinu. Almennir ferðamenn eru svo þarna á milli með blandaðar skoðanir á þessum þáttum.

Skipting ferðamanna í Kerlingarfjöllum á rannsóknartímanum, var að 20% þeirra voru miklir náttúrusinnar, 23% voru náttúrusinnar, 25% eru almennir ferðamenn og 32% þjónustusinnar.



Mynd 46 - Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði


Ferðamenn voru spurðir hvort að það hafi verið eitthvað sértstakt sem olli þeim vonbrigðum á svæðinu. Flestir svöruðu þessari spurningu neitandi en helstu ástæður þeirra sem urðu fyrir vonbrigðum var veðurfar, vinnuvélar, rask, framkvæmdir á svæðinu, of litlar upplýsingar í boði fyrir gönguferðir, sameiginlegt eldhús ábótavant og að svæðið mætti vera betur undirbúið (skilgreining á orðinu undirbúið óljós).



Mynd 47 - Olli þér eitthvað vonbrigðum á svæðinu?


Þátttakendur könnunarinnar voru spurðir út í mannvirkin á svæðinu. Stærsti hópurinn var mjög hlyntur fjallaskálum eða 77%. Ferðamenn voru spurðir út í uppbyggingu á hóteli/gistiheimili og það voru 53% á móti slíkum framkvæmdum en 47% með framkvæmdum eða tóku ekki afstöðu. Yfirgnæfandi meirihluti ferðamanna fannst skipta miklu máli að þjónusta og aðstaðan væri góð á þjónustusvæði Kerlingarfjalla og margir vildu sjá gestastofu á svæðið. Um 60% voru hlyntir veitingastað eða tóku ekki afstöðu en 40% voru andvígir eða mjög andvígir veitingastað sem er niðurstaða sem kemur nokkuð á óvart þar sem langt er í næsta þjónustukjarna. Mikill meirihluti svarenda í könnuninni var andvígur bensínstöð á þjónustusvæðinu.

Pegar vegamálin eru skoðuð kemur í ljós að meirihlutinn var andvígur bundnu slitlagi og heilsársvegi. Skiptar skoðanir voru á akbrúm á vatnsföllum en 33% var hlutlaus í skoðun sinni og 27% andvígur slíkum mannvirkjum. Áhugaverð niðurstaða og er hugsanlegt að þeir sem eru andvígir brúm leiti eftir ákveðinni upplifun við krossun vatnsfalla.




Mynd 48 - Ertu fylgjandi eða mótfallinn eftir töldum mannvirkjum á svæðinu?

Viðhorf vegna uppbygginga á innviðum ferðapjónustunnar í Kerlingarfjöllum var kannaður. Eins og kemur fram á mynd 49, þá var 53% því andvígur, 25% var hlutlaus í afstöðu sinni og 21% fylgjandi. Þessi niðurstaða kemur nokkuð á óvart sér í lagi vegna þess að ferðamenn voru frekar hlynntir því að það væri gestastofa, fjallaskálar og veitingastaður á svæðinu eins og sjá má á mynd 48. Þó ber að geta þess að samkvæmt rannsóknum vilja flestir ferðamenn á hálendinu lágstemmda umgjörð á ferðalögum sínum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012) Það er mat skýrsluhöfunda að ýtarlegra kynningarefni hefði þurft að liggja fyrir til að kynna betur og skýrar fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu.




Mynd 49 - Hvað finnst þér um frekari uppbyggingu á þjónustusvæðinu?

Væntingavísitala ferðamanna í könnuninni kemur glögglega í ljós á mynd 50. Flestir ferðamennirnir telja að ferðin í Kerlingarfjöll hafi tekist vel. Nokkur ánægja var með þjónustuna og aðstöðuna en samt eru nokkrir sem nefna að þessir þættir stóðust ekki þær væntingar sem þeir höfðu. Nefndu rúmlega 90% svarenda að náttúra svæðisins hafi uppfyllt þær væntingar sem þeir hefðu gert til hennar.



Mynd 50 - Að hvaða leiti stóðust eftirfarandi þættir þær væntingar sem þú gerðir?

Þátttakendur voru spurðir hvað þeim þætti um umferð á svæðinu. Eins og sjá má á mynd 51 þá fannst flestum þessi atriði vera heilt yfir hæfileg. En til að draga fram nokkur atriði þá má nefna að fjöldi hópferðabifreiða og fólksbifreiða er of mikill að mati þátttakenda á svæðinu. Um 30-35% ferðamannanna töldu svo vera.




Mynd 51 - Hvað finnst þér um eftirfarandi á svæðinu?

Í Spurning 20 var spurt hvort að aðrir ferðamenn trufluðu á einhvern hátt upplifun ferðamannsins á svæðinu. Einungis 12% upplifðu truflun og voru helstu ástæður sem tilgreindar voru; stórir hópar, skipulagsleysi og umgengni í Herragarðinum (eldunar- og mataðstaða) og eldunar og mataðstaðan hertekið af stórum hópum. Einnig var hávaði vegna stórra hópa á tjaldsvæðið nefnt.

Spurt var í spurningu 21 hvort það væru einhverjir staðir á hálendi landsins sem menn myndu síður heimsækja vegna fjölda ferðamanna. Um 23% svöruðu spurningunni játandi. Svarendum var síðan gefin kostur á að nefna eitthvað ákveðið svæði og voru Landmannalaugar nefndar í flestum tilfellum. Sú niðurstaða kemur heim og saman við niðurstöðu Bergþóru Aradóttur um Þolmörk ferðamennsku í Landmannalaugum (Bergþóra Aradóttir (ritstjóri), Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Arnar Már Ólafsson, 2003).

5.3.4. Ummerki eftir ferðamenn í náttúrunni

Ferðamenn voru spurðir hvort að þeir hefðu orðið varir við skemmdir eða önnur ummerki eftir ferðamenn á svæðinu og langflestir töldu svo ekki vera eins og sjá má á mynd 52.



Mynd 52 - Hefur þú orðið vör/var við eftirfarandi vegna ferðamanna?

Hópurinn, sem taldi sig hafa orðið var við rof á göngustígum af einhverju tagi er mjög lítil í hlutfalli við þann hóp sem upplifir ekki þessa neikvæðu þætti. Þessi niðurstaða undirstrikar þá niðurstöðu sem fram kemur í kafla 5.6. umhverfið og innviðir.

5.3.5. Niðurstaða - samantekt


- Í Kerlingarfjöllum er það náttúran sem heillar mest. Á eftir kemur víðernið, hálendið og fámennið. Annað sem nefnt var sérstaklega voru heitar laugar, fjöllin, litardýrðin og jarðhitasvæðið.
- Flestir ferðamennirnir voru að koma í fyrsta sinn eða 66%. Meirihluti þeirra sem höfðu komið áður, fannst fjöldi ferðamanna hafa aukist.
- Lang flestir ferðamenn gera ráð fyrir því að heimsækja Kerlingarfjöll aftur.
- Stærsti hluti ferðamanna eða 88% sögðust ekki hafa orðið fyrir truflun vegna annara ferðamanna. Helsta ástæðan fyrir truflun var yfirleitt vegna stórra hópa sem voru fyrirferðamiklir á þjónustusvæðinu.
- Ánægja ferðamanna sem koma í Kerlingarfjöll er mjög mikil. Lang stærsti hluti ferðamanna var mjög ánægður eða ánægður með ferð sína þangað eða samanlagt 89%.
- Niðurstöður benda til þess að ferðamönnum þyki svæðið að mestu ósnortið og hreint, þrátt fyrir þau mannvirki sem fyrir eru á svæðinu.

5.4. Viðhorfskönnun - viðtöl við ferðamenn

Viðtöl voru tekin við ferðamenn í Kerlingarfjöllum dagana 13.-15. ágúst. Alls voru tekin 13 djúpviðtöl sem fóru fram í þjónustumiðstöð Kerlingarfjalla.

5.4.1. Ferðamenn og einkenni þeirra (sp. 1)

Tekin voru djúpviðtöl við ferðamenn af báðum kynjum. Sex karlar og sjö konur tóku þátt í viðhorfskönnuninni. Aldursdreifing var jöfn og viðmælendur voru á aldrinum 18 ára til 54 ára. Tveir af viðmælendum höfðu komið áður í Kerlingarfjöll. Viðmælendurnir voru af fimm þjóðernum og nánast allir störfuðu sem sérfæðingar; kennari, hjúkrunarfræðingur, félagsfræðingur, fjármálafræðingur, verkfræðingur og nemandi.



Mynd 53 - Þjóðerni ferðamanna í djúpviðtölum

5.4.2. Flokkun ferðamanna eftir afþreyingu

Af hverju Kerlingarfjöll?

Afþreying flestra ferðamanna í viðtölunum var að skoða hálendið, fara í gönguferðir, upplifa náttúruna, kyrrðina og skoða háhitasvæðið. Óhætt er að segja að orðspor staðarins er mjög mikilvægt. Hvati gesta til að heimsækja Kerlingarfjöll er oft á tíðum af góðri afspurn annara gesta, eða svokallað "word of mouth" Ferðamenn komu einnig til Kerlingarfjalla vegna þess að það hefði verið mælt í hástert með svæðinu af ferðaskrifstofu og ljósmyndir af svæðinu höfðu einnig sitt að segja. Einnig hafði góð veðurspá áhrif á að farið var til Kerlingarfjalla. Þeir ferðamenn sem þátt tóku í viðtölunum voru flestir hluti af hóp á ferð um landið og þrír (af 13) voru einir á ferð.

„Starfsmenn ferðaskrifstofunnar sögðu þetta einn fallegasta stað á Íslandi“

Hvað heillaði við svæðið?


Ferðamennirnir nefndu undantekningalaust að fegurð staðarins væri það sem heillaði mest og hún hefði sterk áhrif. Það umhverfi í Kerlingarfjöllum sem heillaði hvað mest var; háhitasvæðið, hálendið, náttúran (sjá mynd 54). Einnig nefndu þeir fámennið. Annað sem heillaði einnig var

landslagið, útsýnið, litirnir, jöklarnir, fjöllinn, fjallaferðir svo eitthvað sé nefnt. Veðurfarið kom til tals eða eins og einn viðmælandinn sagði;

- "Mér list ekki á veðrið, en allt annað eins og t.d. landslagið list mér vel á".

Og annar sagði;

- "reyndar elska ég þetta land og þá möguleika sem hér eru og það sem er að sjá".



Mynd 54 - Hvað heillaði við svæðið?

Hvers konar ferðapjónustu sérðu fyrir þér á svæðinu?

Þegar viðmælendur voru spurðir út í hvers konar ferðapjónustu þeir sæu fyrir sér á svæðinu þá nefndu flestir gönguferðamennsku (göngufólk og bakpokaferðalanga) og náttúruunnendur. Margir nefndu mikilvægi þess að góð gístaðstaða væri á staðnum. Einnig var nefnt að hótél væri kannski ekki ákjósanlegur kostur en að einfaldur og ódýr gístimöguleiki gæti hentað betur á þessu svæði. Margir vildu byggja upp staðinn miðað við núverandi áherslur. Heitur pottur á þjónustusvæðinu var nefndur hjá mörgum viðmælendum.

5.4.3. Ánægja, væntingar, vonbrigði og viðhorf

Hversu ánægð(ur)ertu með heimsókn þína? Var eitthvað sem olli þér ánægju/vonbrigðum?

Almennt voru ferðamennirnir ánægðir. Þeir voru ánægðir með kyrrðina og þá ríkjandi rólegheit. Mörgum fannst þeir komast í burtu frá svo kölluðum "fjöldaferðamannastöðum". Nefnt var þótt ekki væru nútíma þægindi á staðnum, þá væri það kostur á svæðinu. Það sem olli vonbrigðum var fátt og má þar helst nefna veðrið og en það rigndi mikið á þessum tíma. Einn viðmælandi bjóst við færri fólki á svæðinu. Annar íslendingurinn sagði;

"Það er gaman að koma hingað – einhver nostalgía – góð ímynd frá skíðatímabilinu."

Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna á þessu svæði? Einhverjir hópar öðrum fremur sem trufla?


Það voru allir nokkuð sáttir við fjölda ferðamanna á svæðinu og notuðu orð eins og;

“allt í lagi, bara fínt, mátulegur og sáttur”.

Varðandi fjölda ferðamanna þá fannst viðmælendum þeim ekki margt um manninn. En sitt sýnist hverjum og mætti nefna að einn einn sagði að hann hefði búist við fleirum á svæðinu og svo nefndi annar að það hefði komið sér á óvart hversu mikið að fólki hann hefði séð á hálendinu. Eins voru flestir á því að aðrir hópar trufluðu þá ekkert. Einn af viðmælendum nefndi að hann hefði ekki orðið fyrir neinni truflun Kerlingarfjöllum, ólíkt því að hann upplifði á öðrum svæðum á hálendnu, t.d. á Laugaveginum.

Eru einhver svæði á hálendinu sem þú heimsækir ekki lengur vegna fjölda ferðamanna?

Af þeim sem tóku afstöðu, þá voru það fjórir sem sögðu nei, þrír sem sögðu já og einn sagði bæði já og nei. Flestir nefndu Landmannalaugar sem þann stað sem þau ætluðu ekki að heimasækja aftur.



Mynd 55 - Svæði sem þú heimsækir ekki lengur

“Já Landmannalaugar t.d. Ein kaos á svæðinu og sú kyrrð og ró sem þar ríkti eitt sinn er farin.”

“Já Hveravellir og Landmannalaugar. Ég fer frekar og gisti í Landmannahelli en á Laugum. Ekki lengur bjóðandi íslendingum.”

“Já og nei. Ég kom til landsins í fyrra og fannst of margir í Landmannalaugum, ég fór samt aftur núna og það voru færri, en dvaldi samt ekki lengur en klukkutíma.”

Hvað finnst þér um þá aðstöðu sem stendur til boða á svæðinu? Hvað má bæta?

Flestir nefndu að þeir væru ánægðir með aðstöðuna í Kerlingarfjöllum eins og hún væri núna og það þyrfti lítið að bæta. En sitt sýnist hverjum og einum viðmælanda fannst að það þyrfti ekki að bæta neitt og annar nefndi að það þyrfti að bæta aðstöðuna í samræmi við nútímakröfur.

Ferðmennirnir lögðu hinsvegar áherslu á að vanda til verka við fyrirhugaðar breytingar og það væri mikilvægt að bjóða áfram upp á þrennskonar gistinguöguleika fyrir viðskiptavinum.

Hverskonar ferðaþjónustu viltu sjá hérna á svæðinu? Hvað finnst þér viðeigandi - innviðir og afþreying?

Viðmælendurnir voru spurðir um hvernig ferðaþjónustu þeir mundu vilja sjá á svæðinu. Rúmlega helmingur tók það fram að þau vildu fyrst og fremst sjá afþreyingu á svæðinu fyrir göngufólk. Einnig nefndu viðmælendurnir; náttúrunendur og náttúruskoðun, bakpokaferðamennsku og reiðhjólaferðamennsku. Einn viðmælendanna nefndi vistvæna ferðamennsku;

“þar sem sjálfbær hitun og rafmagn er af svæðinu. Ég vil ekki sjá ferðamennsku sem geti valdið náttúruskemmdum – „ekki óvilt“ afþreying á vegslóðum”.

„Eins og er hérna núna. „keep it simple“ þetta er ekki staður fyrir fólk sem þarf að hafa alla veraldlega hluti í kringum sig, það á ekki heima hér“.



Mynd 56 - Hvers konar ferðaþjónusta?

Finnst þér “ósnortin víðerni” vera hluti af aðdráttarafli þessa svæðis fyrir utan Ásgarð (þjónustusvæði)?

Allir viðmælendurnir svöruðu þessari spurningu þannig að þeim fannst „ósnortin víðerni“ vera hluti af aðdráttarafli svæðisins og það væri hluti af upplifuninni. Einnig var nefnt að þar sem að það væri ósnortið þá yrði að vernda það og einn viðmælendanna nefndi að það vantaði náttúrupassa eða eitthvað kerfi hér á landi

„Ósnortið víðerni er svo sannarlega hluti af aðdráttarafli svæðisins. Legg áherslur á að göngustígar séu nauðsynlegir og merkingar gönguleiða góðar.“

5.4.4. Ummerki eftir ferðamenn í náttúrunni


Ferðmennirnir voru spurðir hvort að þeim fyndist náttúran vera farin að láta á sjá vegna ferðamennsku. Ferðamennirnir voru almennt sammála um að náttúran væri ekki farin að láta á sjá en þó nefndu nokkrir að þeir gerðu sér ekki alveg grein fyrir því þar sem að þeir höfðu ekki komið áður á svæðið. Viðmælendur nefndu að þeir hefðu séð lítið sem ekkert rusl á ferð sinni en tveir nefndu að þeir höfðu séð merki um utanvegaakstur (bæði við Kjalveg og hjá Hólaskjóli).

“Nei ekki eins og það er núna – og svæðið er vel merkt. Og það ætti að vera léttilega hægt að taka á móti fleiri ferðamönnum”

Hvað má vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið “ósnortið víðerni” glati merkingu sinni?

Viðmælendur voru ekki allir á sama máli um hvað mætti vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið “ósnortið víðerni” glati merkingu sinni. Lágstemmd, hógværð og naumhyggja er það sem flestir viðmælendur draga fram. Sumir nefndu að það mætti ekkert vera, annar “sem minnst” og öðrum fannst í lagi að göngustígar og manngerðir hlutir sem eru nú þegar til staðar væru í lagi. Flestir nefndu þó að tjaldsvæði og (stikaðir) gönguslóðar væru í lagi. Einn nefndi að stikur væru í lagi og slóðar, en ekki kamrar.

“Það mega vera stikaðar leiðir, gönguslóðar, litlar göngubrýr og kamrar sem falla að svæðinu eða landslaginu”.



Mynd 57 - Hvað má vera til staðar af mannlegum ummerkjum?

5.4.4.1. Niðurstaða

Ferðamenn hafa miklar skoðanir á fyrirhugaðri breytingu og töldu þær almennt breyta ásýnd staðarins. Það kom meðal annars fram í djúpvíðtölum að bygginginn þótti stór fyrir svæðið og mundi ekki passa inn í umhverfið en þó væri brýnt að bæta aðstöðu og þjónustu við ferðamenn. Það sem einkenndi viðmælendur er að þeir voru almennt ánægðir með heimsókn sína á svæðið. Aðrir stigu skrefið enn lengra og lýstu ljómanum og nostalgíunni yfir Kerlingarfjöllunum og allt að því ástarjátningu á hálendinu. En auðvitað var líka eitthvað sem einum fannst í lagi en öðrum ábótavant. Það er því augljóst að hér verður ekki bæði haldið og sleppt og mikilvægt að vanda til verka.

5.5. Viðhorfkönnun og sýn ferðapjónustuaðila

Til að fá sem best yfirlit yfir starfsemi ferðapjónustuaðila, voru gögnin greind í fjóra þætti:


- **Starfsemi ferðapjónustuaðila á Kerlingarfjallasvæðinu**, u.þ.b. fjölda viðskiptavina í einu eða á ári, dagskrá, hvaða staðir eru skoðaðir og hvers konar ferðmenn þeir séu að þjónusta.
- **Framtíðarsýn ferðapjónustunar á Kerlingarfjallasvæðinu**, þróun á næstum árum og uppbyggingu mannvirkja.
- **Fyrirhugaðar breytingar Fannborgar á innviðum í Ásgarði** og afstaða ferðapjónustuaðila til þeirra hugmynda og framkvæmda
- **Persónuleg viðtöl við tvo ferðapjónustuaðila**

Mynd 58 - Þáttakendur í vefkönnun eftir þjóðerni.

Könnunin

Það voru 20 ferðapjónustuaðilar frá 10 þjóðlöndum sem tókum þátt í þessari viðhorfskönnun á vefnum, en alls voru 54 ferðapjónustuaðilum boðin þátttaka.

Vefkönnunin fór fram á vefnum dagana 21. ágúst til 1. september 2015 og af þeim sem svöruðu voru; tveir leiðsögumenn, átta ferðaskipuleggjendur og 10 starfsmenn ferðaskrifstofa.




5.5.1. Starfsemi ferðaþjónustuaðila á Kerlingarfjallasvæðinu

Átta ferðaþjónustuaðilar kaupa og/eða veita staka þjónustu á svæðinu, aðrir er með tvö eða fleiri þjónustuframboð. Algengast er að bókuð er gistingu fyrir hópa og einstaklinga og að skipuleggja gönguferð á svæðinu. Einn nefndi að hann væri að veita þjónustu sem kölluðum er FIT ferðamönnum. (Free Independent Traveler/tourist). Alls eru þessir ferðaþjónustuaðilar að þjónusta og/eða koma með á svæðið 1.901 ferðamenn.

Einn aðili sker sig úr og er með 1.024 ferðmenn á ári. Meðaltal hinna er um 44 ferðamenn pr. fyrirtæki, þar sem hæsta gildi er 150 og það lægsta 2.

Samkvæmt meðfylgjandi mynd 59 má sjá að flestir ferðaþjónustuaðilar sjá um að bóka gistingu og fara í gönguferðir. Gönguferðirnar fara helst um Neðra-

Hverasvæðið, upp á Mæni, Fannborg og Snækoll. Annars er fólk á eigin vegum og með sína eigin dagskrá.



Mynd 59 - Sýnir helstu starfsemi 20 ferðaþjónustuaðila á Kerlingarfjallasvæðinu


Upplifunurvæntingar ferðamanna

Samkvæmt niðurstöðum vefkönnuninnar, þá telja ferðaþjónustuaðilar að viðskiptavinir þeirra vilji helst upplifa náttúruna, fara í gönguferðir eftir merktum göngleiðum, sofa í góðu gistirými hvort sem það er í sér herbergi eða svefnpokaplássi og vilja ferðamennsku á svæðinu byggða á sjálfbærni. Eða eins og ferðaþjónustuaðili orðaði svo skýrt og var í takt við flesta aðra, er hann sagði:

”Individuals want more luxury, groups want more adventure.”

Aðdráttarafl, sérstaða Kerlingarfjalla og aðgengi

Um helmingur ferðþjónustuaðila nefndu háhitasvæðið sem helsta aðaldráttarafl svæðisins og einnig helstu sérstöðu þess. Næst á eftir kom Kerlingarfjallasvæðið með sína náttúrufegurð og víðerni, gljúfrin og sjálf fjöllin, eins og sjá má á mynd 60. Einnig minntust þeir á að litadýrdina og heitu laugina sem sérstöðu svæðisins.



Mynd 60 - Sérstaða Kerlingarfjalla að mati ferðþjónustuaðila


Þessi viðhorf endurspeglast í þessum tveim tilvitnunum, en íslenskur ferðþjónustuaðili nefndi að *“Fyrir Íslendinga myndi ég ætla að litadýrð fjallanna og útsýnið ofan af hæstu toppum hafi hvað mest aðdráttarafl.”*

og annar erlendur nefndi:

“It's the unique location in the Highland... they can experience unique beauty of these colourfull mountains. They aree 'flirting' with adventure.”

Varðandi aðgengið að svæðinu og sjá má á mynd nr. 61, voru flestir á því að samgöngur á svæðinu væru almennt góðar, þótt stundum geti þær verið erfiðar yfirferðar á meðan snjórinn er ennþá í vegstæðum. Nokkrir voru á því að ekki ætti að bæta aðgengið meira en orðið er, eða eins og einn erlendur ferðþjónustuaðili orðaði það;


“Good. If the access is better it gets more busy. Should be an adventure to get there.”



Mynd 61 - Hvernig þykir þér aðgengið að svæðinu vera?

5.5.2. Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Kerlingarfjallasvæðinu

Það eru tækifæri í gönguferðum og útivist almennt, Ásgarður á að vera þungamiðjan á svæðinu og það þarf frekari uppbyggingu, en samt ekki of mikla, segja ferðapjónustuaðilar í vefkönnuninni. Eins og kemur fram á mynd 62, þá eru flestir á því að framtíðarmöguleikar svæðisins séu gönguferðum í óbyggðum. Tveir erlendir ferðapjónustuáðilar höfðu þetta að segja um framtíðarmöguleikana, sem aftur endurspegladi viðhorfa flestra annara;



Mynd 62 - Framtíðar möguleikar svæðisins

“Kerlingarfjöll can be a 'Highland resort' with activities, trekkings organised from this location.”


“My clients would like to keep Kerlingarfjöll as it is now. Better facilities would be appreciated but not necessary.”

Þróun ferðapjónustu á svæðinu - tækifæri og ógnanir

Ferðapjónustuaðilar vilja almennt betri aðstöðu fyrir sína viðskiptavinum, ekki of hraða uppbyggingu eða of mikinn fjölda ferðamanna. Einnig nefndu nokkrir að það gæti þurft að takmarka fjölda ferðamanna sem gætu verið þarna hverju sinni því ferðamönnumun fjölga.

“... but it needs to be on a sustainable level as the area does not take unlimited visitors” segir einn erlendir ferðapjónustuaðilinn.

Ferðapjónustuaðilar sjá svæðið með ólíkum hætti eftir staðsetningu starfsstöðva. Erlendu ferðapjónustuaðilarnir telja að svæðið sé í raun ekki vannýtt á meðan íslensku ferðapjónustuaðilarnir sjá frekari tækifæri. Samkvæmt mynd 63, þá skiptist þessi skoðun nokkuð jafnt á milli þeirra sem tóku afstöðu. Hér



Mynd 63 - Er svæðið vannýtt af hálfu ferðapjónustunnar?


er tilvitnun í erlendan ferðaþjónustuaðila sem taldi svæðið ekki vanþróað;

“... not really undeveloped but less developed than other regions. And we hope it will never be like Geysir/Gullfoss etc.”.

Polir eða gætu fleiri ferðamenn komið á svæðið að mati ferðaþjónustuaðila

Flestir eru á því að svæðið þoli fleiri ferðamenn. Nokkrir voru með svipaða fyrirvara eins og þessi erlendi ferðaþjónustuaðili:

“The soil in the area is very vulnerable. The beauty of the area exist as far as it's not crowded with people. Kerlingarfjöll should be kept as it is now for the future generations. Tourism and business should respect this”



Mynd 64 - Þolir svæðið fleiri ferðamenn?

Hvers konar mannvirki eru viðeigandi í Kerlingarfjöllum og helstu framtíðar óskir

Það má draga þá ályktun af þessari vefkönnun að flestir ferðaþjónustuaðilar séu almennt á því að lágstemmd mannvirki, vel við höldnum sem passa í umhverfið, séu viðeigandi. Einnig lögðu þeir áherslur á rýmra og betri bílastæði, betri aðstöðu til að matast og upplýsingamiðstöð um svæðið.

Helstu framtíðaróskir þeirra snérust um að hafa áfram sem fjölbreyttasta gistimöguleika, grunn veitingaþjónustu (líka um miðjan daginn), góðar upplýsingar um gönguferðir, góð þægindi og góða þjónustu á svæðinu. Auk þess nefndi einn að hann vildi sjá:

“Allt það sem er núna. Gönguferðir með fararstjóra um svæðið. Bifreiðaþjónustu (viðgerðir, sprungin dekk og þess háttar)”.

5.5.3. Fyrirhugaðar breytingar Fannborgar á innviðum í Ásgarði

Í síðustu spurningu vefkönnunar voru ferðaþjónustuaðilar spurðir um afstöðu til fyrirhugaðar breytingar á innviðum í Ásgarði. Einungis var um stutta kynningu í texta og fjórar teikningar af nýju húsnaði /hótelbygging.


Hugmyndir Fannborgar kynntar í máli og myndum

Texti í kynningu: “Í Kerlingarfjöllum eru 10 litlir skálar með uppáúnunum rúmum, tjaldstæði, svefnpokapláss í þremur stórum skálum og veitingasala. Rekstraraðilar Kerlingarfjalla, Fannborg ehf, eru með uppbyggingar hugmyndir um að auka þjónustustigið með nýjum herbergjum fyrir uppá únunum rúmum og nýju húsnæði fyrir móttöku gesta og veitingasal. Ennfremur verður tjaldsvæðið stækkað og eldhúsaðstaðan bætt fyrir tjaldgesti. Áfram verður tekið á móti hópum / einstaklingum sem vilja svefnpokapláss í stærri skálunum. Í byggingarefni verður m.a. notaður náttúrulegur efniviður úr umhverfinu eins og Líparit og klæðningin verður íslenskt bárujárn. Sjá myndir hér fyrir neðan að hugmyndum að breytingunni.”

Eins og sjá má á mynd 65, þá leggjast þessar breytingar frekar vel í ferðþjónustuaðila, því einungis 25% eru neikvæðir út í þessar breytingar, 38% eru jákvæðir og 38% eru hlutlausir.

Ef svörin eru nánar skoðuð, þá nefna þeir, sem eru neikvæðir, að þetta muni væntanlega breyta staðnum og upplifun ferðamannsins, að það muni vanta allan “fjallaanda”, að uppbyggingin sé aðeins of metnaðarfull og að þessi bygging sé alltof stór og nútímaleg. Sá sem lengst gekk í skoðun sinni ráðlagði að hætt yrði við verkefnið.

Hér er tilvitnun frá ítölskum ferðþjónustuaðila um uppbyggingu áfangastaðar og reynslu þeirra í ítölsku ölpunum:



Mynd 65 - Viðbrögð við hugmyndum Fannborgar um uppbyggingu

“Considering the mistakes we did in the past it would be impossible to build such a structure in a relevant mountain area in Italy. I understand the reasons of business but the style and the size of the building is too aggressive.”

og hér er tilvitnun í íslenskan ferðþjónustuaðila:

“Mér finnst vanta allan fjallaanda og yfirbragð í þetta... Það vantar þennan íslenska fjallasjarma sem hefur t.d. náðst vel í Básun, Hvanngili og Strútsskála svo nokkur dæmi séu nefnd. Mér hefur persónulega aldrei fundist gömlu A skálarnir vera neitt sérstaklega sjarmerandi og skil þörfina á uppbyggingu... Á þessum myndum sé ég því miður bara stóra kassalaga, nútímalega byggingu með núll sjarma.”

Þeir sem eru jákvæðir nefna m.a. að þetta séu góð framtíðarplön hjá Fannborg, að það sé gott að hækka þjónustustuðulinn, að þetta líti vel út og passi í umhverfið og að þetta sé mjög flott en láta þetta duga. Hér er tilvitnun í erlendan ferðaþjónustuaðila sem fannst þetta í lagi ef þessi uppbygging yrði byggð á sjálfbærni:

“It's OK, if all is based on the principles of sustainability, even regarding the activities which will be offered: Hiking, trekking etc very good...”

og hér er tilvitnun í íslenskan ferðaþjónustuaðila:

“Mér finnst svona í góðu lagi ef ekki koma fleiri svona hótél/gistiaðstöður á staðinn. Þó tel ég mikilvægt að reynt verði eftir megni að láta svona byggingar falla inn í umhverfið. Hæsti hluti byggingarinnar finnst mér full glannalegur á þessum stað... Ég er ekki viss um að margir þeir sem gista nú í tjöldum væru hrifnir af þessum byggingum fyrir ofan tjaldstæðið. Vantar ekki heildarmynd/skipulag fyrir hvort tveggja?”

5.5.4. Sýn ferðaþjónustuaðila í tveim viðtölum

Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við tvo ferðaþjónustuaðila í Kerlingarfjöllum. Fyrri var íslenskur ferðaþjónustuaðili sem átti leið um Kerlingarfjöll með sína 8 viðskiptavini til að gista. Hann hafði aldrei áður komið í Kerlingarfjöll. Seinna viðtalið var við tvo franska ferðaskipuleggjendur með 16 viðskiptavini sem gistu og fóru í gönguferð. Helsta markmið ferðarlags þeirra var að keyra F-vegi (fjallvegi). Þau höfðu áður komið í Kerlingarfjöll.

Frönsku ferðaskipuleggjendurnir voru á ferð um landið með hóp ferðamanna á eigin 4x4 bílum og þau höfðu fundið Kerlingarfjallasvæðið á korti. Þeirra tengsl við svæðið var að bóka gistingu og fara með hópinn í gönguferð um háhitasvæðið. Helsta framtíðarsýn þeirra var, að þau vildu sjá fleiri smáhýsi án íburðar, jafnvel stærra veitingaaðstöðu, gistiaðstöðu og tjaldvæði. Verðlag á gistingunni þyrfti að vera sveigjanlegt. Hvað þróun ferðaþjónustunnar varðar, þá sáu þau fyrir sér svipaðan fjölda ferðamanna, hugsanlega smá í viðbót við það sem nú væri og aukna þjónustu með fleiri sturtum. Eftir að hafa skoðað hugmyndir Fannborgar um uppbyggingu þá svöruðu þau einfaldlega já. Þetta gæti hugnast þeim en bentu aftur á sveigjanleika í bókunum og verðum.

Íslenski ferðaþjónustuaðilinn var á leið norður og vantaði gistingu fyrir hópinn. Kerlingarfjöll hentaðu mjög vel í ferðaplanið hans og þess vegna urðu þau fyrir valinu. Hans áætlanir á svæðinu snérist um að bóka gistingu og síðan ætluðu þau hugsanlega með hópinn í gönguferð í Hveradalina. Hann taldi að framtíðarmöguleikar svæðisins væru mjög góðar, svo lengi

sem það yrði ekki komið með gáma og taldi ennfremur að ferðþjónustan myndi þróast vel á næstu árum. Hann taldi svæðið vannýtt af hálfu ferðþjónustunar og að svæðið gæti tekið við fleiri ferðamönnum, því að það væri alls ekki mikið af fólki í Kerlingarfjöllum. Hann taldi að framtíðaróskir ferðamanna sem hann þjónaði væri að koma í Kerlingarfjöll til að heimsækja hálendið og það sem það hefði uppá að bjóða. Hann skoðaði hugmyndir Fannborgar um uppbyggingu og tók ferkar jákvætt í þær og sagði að lokum:

“Sko, það þarf ekki fleiri léleg hótél, það þarf meira af betri og góðum hótélum. Þetta þurfa að vera hús sem þola þessar aðstæður hérna. Fjallaskálar hafa sinn sjarma nema þegar fólk er hrjótandi og með vonda lykt og svoleiðis. En þetta er fínt eins og þetta er hér.”

5.5.5. Niðurstaða - samantekt á viðhorfum ferðþjónustuaðila

- Flestir ferðþjónustuaðilar skipuleggja gönguferðir um Hverasvæðið og í heitu laugina.
- Upplifunaryönting ferðamanna að mati ferðþjónustuaðila er náttúran, gistingin, gönguferðir, ljósmyndun og ferðamennsku byggða á sjálfbærni.
- Langflestir telja háhitasvæðið vera eitt af sérstöðu Kerlingarfjalla, svo kemur náttúrufegurðin.
- Langflestir telja aðgengi að svæðinu sé gott og að svæðið þoli fleiri ferðamenn.
- Margir taka vel í hugmyndir um uppbyggingu, jafnmargir eru hlutlausir og færri neikvæðir.

5.6. Umhverfið og innviðir

5.6.1. Skoðun göngustíga, gróðurþekju og umhverfis á svæði A

Rannsóknarsvæði A, svokallaðir Neðri-Hveradalir, er um 7 km² að stærð. Þetta er það svæði í Kerlingarfjöllum sem mest er sótt af ferðamönnum og er í raun sú auðlind sem rekstur Fannborgar byggist á. Í neðri Hveradölum ber mikið á heitum laugum, gufuaugum og sísjóðandi leirhverum (Rammaáætlun, 2015 og María Guðmundsdóttir og fl. 2015).

Margbreytileg og litrík útfelling af brennisteini og söltum einkenna svæðið og gefa því ævintýralegan blæ. Stórkostleg litaflóran í umhverfi hita og leirs á sér all sérstætt samtal við snjó og jökul og kallar fram á sviðið baráttu elds og íss.

Svæðið einkennist fyrst og fremst af leirkenndum jarðvegi og líparíti (e. Riolit). Lítið er um gróður á svæðinu en eins og áður hefur komið fram þá er aðeins um 16% rannsóknarsvæðisins (A+B+C) gróið með 10% gróðurþekju. Svæði A eða Neðri-Hveradalir

einkennast fyrst og fremst af leirkenndum jarðvegi og liggja helstu gönguleiðir um það svæði í leir og á melum. Um Neðri-Hverdali liggja tvær megin gönguleiðir og hafa þær verið merktar með hefðbundnum stikum ásamt



Mynd 66 - Barátta "elds og íss"

því að í bröttustu brekkum hafa verið lagðar tröppur. Gönguleiðarnar báðar liggja að hluta um mosasvæði. Önnur (leið 7) fer stuttan hring í Neðri-Hveradölum og hin gönguleiðin (leið 2), sem er um 5 km löng, liggur frá Neðri-Hveradölum niður vestan megin Ásgarðsgils og að þjónustukjarnanum í Ásgarði.

Önnur svæði tvö, sem þessi rannsókn nær ekki til, eru Efri-Hveradalir og Hverabotn. Efri-Hveradalir skilja sig frá Neðri-Hveradölum með líparíthálsi og nær svæðið allt upp í 1.150 m hæð og liggur suður undir Snækolli. Hverabotn liggur undir Sléttaskarði suðaustan við Mæni og er lítið hverasvæði (ca 1,5 km²) en afar fallett og þar finnast margir litríkir og áhugaverðir hverir (náttúrukort.is, 2015 og rammáætlun.is, 2015). Fáir ferðamenn sækja þessi tvö hverasvæði heim en þó hefur umferð um Hverabotn aukist með tilkomu Hringbrautarinnar en leiðin liggur þar framhjá (sjá útgefið gönguleiðakort Fannborgar).

Sú afþreying sem fram fer í Neðri-Hverdölum er fyrst og fremst gönguferðir og ljósmyndun, skoðun náttúrunnar í víðu samhengi og almenn útivist. Aðkoma að svæðinu er með tvennum hætti þ.e. með akstri eða göngu upp á Keis, síðan til vesturs og fram á eystri brún Neðri-Hveradala þar sem bílastæði fyrir gesti Neðri-Hveradala er staðsett. Frá því liggur göngustígur niður í dalina. Einnig er hægt að ganga frá þjónustumiðstöð í Ásgarði veginn vestan megin Ásgarðsár/Ásgarðsgils, framhjá Hveradalahnjúki upp gönguleið (leið 2) að Neðri-Hveradölum.

Í dölunum sjálfum eru þrjár göngubrýr, tvær sem liggja yfir Ásgarðsá og ein yfir lítið vatnsfall litlu vestar í dölunum. Göngustígarnir í Neðri-Hveradölum liggja mikið í bröttum leirbrekkum og eru illfærar í mikilli bleytu. Fannborg hefur staðið myndarlega að tröppugerð. Við skoðun kom í ljós að ekki aðeins eru þær framkvæmdir til mikilla bóta öryggislega en, samkvæmt

samtali við rekstraraðila, draga þær úr ferðum ferðamanna utan merktu göngustígana. Að mati skýrsluhöfunda er þessi tröppugerð því forsenda fyrir því að um svæðið er hægt að fara með tilliti til öryggisþátta og stýringu ferðamanna.

5.6.1.1. Niðurstaða

Gróðurskemmdir eru litlar sem engar á svæðinu enda lítill gróður þar. Aðeins á fáum stöðum sjást för utan merktra göngustíga en ljóst er að þau hverfa eftir vetur og snjóalög. Ásýnd svæðisins er viðunandi á miðjum ferðamannatímanum en ljóst er að forsenda fyrir verndun þess litla gróðurs sem eru svæðinu og viðkvæmum hvera-ummyndunum er öflug stígagerð og skýr skilaboð með góðum merkingum,



Mynd 67 - Tröppu- og brúargerð í Hveradölum

upplýsinga- og aðvörunarskiltum. Neðri-Hveradalir eru ekki komnir að þolmörkum hvort sem horft er til náttúrunnar eða fjölda ferðamanna. Skoða þarf vel gönguleiðir á svæðinu árlega með það í huga hvort breytinga er þörf á sumum af leiðunum. Við fjölgun ferðamanna er umhugsunarvert hvort Fannborg skoði uppsetningu girðinga við suma af hveramyndunum þeim til verndar og í framtíð verði gönguleiðum breytt, ef þurfa þykir, til að létta á einstaka svæðum.

Dýpt göngustíga var í öllum tilfellum viðunandi þ.e. að hvergi var dýpt þeirra í landslagi komin að þeim mörkum að hætta væri á vatnsskemmdum í leysingum. Nánast allir göngustígar í Neðri-Hveradölum liggja í gegnum leirkenndan jarðveg og eru í þurrum veðrum harðir og grafast lítið niður (sjá mynd 68). Breidd þeirra var hvergi yfir 135 cm og í flestum tilfellum um 70 til 100 cm á breidd. Hvað varðar legu göngustíga þá eru þeir í öllum tilfellum á heppilegum stöðum. Höfundar skýrslunnar vilja benda á ákveðnar breytingar á leið 7, hér síðar, vegna hættu á skemmdum á hveraútfellingum og gróðri.



Mynd 68 - Stígur í Hveradölum

Lítið var um gróðurskemmdir innan svæðis A en gönguleið frá Neðri-Hveradölum niður í Ásgarð (5 km) fer um gróið land og þar eru litlar skemmdir þar sem stígurinn fer um. (sjá myndir 69 og 70).



Mynd 69 - Gróðurskemmd við upphaf á leið 2



Mynd 70 - Gróðurskemmd á leið 2

Ummerki um traðk og fótspor utan merktra gönguleiða var afar lítið, og eins og áður hefur komið fram, helgast einkum og sér í lagi af því að tröppugerð á svæðinu hefur dregið úr slíku háttarlagi. Ekki er hægt að neita því að þessi tröppumannvirki setja ákveðinn svip á svæðið og er ekki ólíklegt að sumir ferðamenn þyki þau lýti í landslaginu. Telja skýrsluhöfundar að gildi þeirra vegna öryggis og stýringar umferðar um svæðið taki þeirri skoðun fram. Merkingu gönguleiða er ábótavant og þarf Fannborg að bæta þar úr. Stikur voru sumar brotnar og illa farnar sem líklega má rekja til óblíðrar veðráttu yfir vetrartímamann og snjóalaga á svæðinu. Þörf er á því að farið verði í hugmyndavinnu hvernig slíkum merkingum verður best fyrirkomid í framtíðinni. Upplýsinga- og aðvörunarskilti eru á bílastæði við Neðri-Hveradali og eru þau að mati skýrsluhöfunda skýr. Þó er það umhugsunarefni hvort ekki ætti að hafa þessi skilaboð á fleiri tungumálum en íslensku og ensku sérstaklega ef horft er til niðurstöðu í könnuninni um þjóðerni ferðamanna í Kerlingarfjöllum.



Mynd 71 - Varúðarskilti við bílastæði í Hveradölum

Skýrsluhöfundar leggja einnig til að fleiri aðvörunarskilti um umgengni á hverasvæðinu í Neðri-Hveradölum verði sett upp. Skemmd á náttúrufrýbrigðum er lítil en höfundar viljaítreka að Fannborg, sem umsjónaraðili svæðisins, skoði leiðir til að girða af suma hverina og hveraútfellingarnar. Einnig bendum við á að við skoðun á leið 7 komi ljós að nauðsynlegt er að breyta henni þar sem leiðin liggur á kafla um afar torfæra leið. Þar nýta ferðamenn ekki gönguleiðina á kafla og hafa á einstaka stað traðkað nærri afar viðkvæmum hveraummyndunum og hitakærum gróðri (sjá myndir 72 og 73).



Mynd 72 - Svæðið á leið 7 sem þyrfti að loka



Mynd 73 - Svæðið á leið 7 sem þyrfti að loka

5.6.2. Skoðun göngustíga, gróðursþekju og umhverfis á svæði B

Rannsóknarsvæði B er að mestu leiti fjallendi og þar liggja helstu fjöll í Kerlingarfjöllum sem flestir ferðamenn nýta til fjallgöngu. Svæðið er án gróðurþekju og að mestu leyti þakið líparíti, snjó og jöklum. Hinar hefðbundnu leiðir á fjöllin liggja að mestu leyti á snjó eða jöklum eins og Fannborgarjökli og Loðmundarjökli ásamt líparítskriðum og melum.

Engar merktar gönguleiðir eru á svæðinu og má það rekja til snjóþyngdar og jarðvegsgerðar á svæðinu. Helstu ummerki um gönguleiðir eru í vesturhlíðum Fannborgar (sjá mynd 74) enda er það sú leið sem flestir ferðamenn nýta sér til uppgöngu á Fannborg og áfram á Vesturnípur, Snækoll, Snót og Loðmund (sjá leið 3). Svipuð, en þó töluvert minni ummerki, er að sjá í austurhlíðum Fannborgar, utan í Vesturnípu og efst í suðaustur hlíðum Loðmundar. Þessir göngustígar eru grunnir og um 50 til 70 cm á breidd. Liggja allir í grýttu landslagi og hverfa að mestu leiti eftir vetrarsnjóa ár hvert. Benda má á að snemma að vori og fram í júlí nýta ferðamenn einnig snjóinn og jökulinn og ganga t.d. á Snækoll án þess að fara upp á Fannborgina.



Mynd 74 - Stígur í hlíðum Fannborgar

Flestir hefja göngu á þessi fjöll upp á Keis við gamlan skála (Kastali), sem þar stendur. Skálinn var notaður við starfsemi Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum hér áður fyrr. Þaðan er bæði þægilegt uppgöngu á Fannborgina, hina hefðbundnu leið, og upp jökulinn sjálfan. Lega göngustígana eru í töluverðum halla en engar sjáanlegar skemmdir voru vegna úrrennsli vatns. Engin aðvörunar- eða leiðarskilti voru á svæðinu.

5.6.2.1. Niðurstaða

Svæði C er ekki komið að þolmörkum bæði hvað varðar ferðamenn og náttúru. Benda má á að aðeins um ca 10% ferðamanna, sem heimsækja Kerlingarfjöll samkvæmt könnuninni, fara á þetta svæði og því er umferð þar lítil.

Göngustígar, þar sem þá er að finna, eru grunnir og mást út að mestu leyti eftir vetrarsnjóa. Gönguleiðir sem liggja utan snjóa og jökuls eru í grýttu landslagi og engar skemmdir á þeim litla gróðri sem finnst á svæðinu. Fylgjast verður þó með þessum gönguleiðum og skoða öðru hverju einkum og sér í lagi vegna öryggis ferðamanna.

Hvað varðar aðvörunar- og leiðarskilti þá er æskilegt að upp á Keis annað hvort við skálann (Kastali) eða við veginn (ca 100m neðar við skálann) verði sett upp skilti sem sýnir gönguleiðir á svæði B og aðvörunarorðum um göngu á jöklinum, einkum og sér í lagi, vegna sprungumyndunar

síðsumars. Einnig vilja skýrsluhöfundar benda á að leiðin upp á Loðmund er ekki á færi allra. Efst í hinni hefðbundnu leið, suðaustan megin í Loðmundi, er æskilegt að bæta öryggislínu sem þar er.

5.6.3. Skoðun göngustíga, gróðurþekju og umhverfis á svæði C

Rannsóknarsvæði C er það svæði sem geymir helstu innviði / byggingar starfseminnar í Kerlingarfjöllum. Þetta svæði kallast í daglegu tali Ásgarður (Árgarður). Svæðið er vel gróið og blasir við ferðamönnum sem vin í annars hrjóstrugu landslagi (sjá mynd 9 og 10). Gróðurfar er þó viðkvæmt og einkennist af mólendi, mosa og mýrlendi. Graslendi er nokkuð og setur skemmtilegan svip á svæðið. Frá svæðinu fara þrír akvegir en það er vegurinn niður á Kjöl (9 km), vegurinn upp á Keis (6 km) og svo jeppaslóði austur fyrir Ásgarðafjall og í Setur.

Göngustígar á svæði C eru þrír. Göngustígur upp á Ásgarðsfjall (1 km). Enn fremur er upphaf göngustígs í Neðri-Hveradali (5 km) sem hefst vestan Ásgarðsár og svo göngustígur inn Ásgarðsgil að borholu (1 km) þar sem ferðamenn geta baðað sig í ca 34°C heitu vatni (sjá leið 1). Göngustígurinn upp í Neðri-Hveradali (leið 2) höfum við áður minnst á og er stígur sem fer mest um mela en þó að hluta um gróið svæði. Göngustígurinn upp á Ásgarðsfjall fer upp lítið gil suðaustan við þjónustusvæðið og fer um gróið svæði að stórum hluta. Gróðurinn er aðallega mosi og mólendi. Eins er með göngustíginn inn að borholu en þar er að mestu leiti gengið í mosa og mólendi ásamt því að yfir mýrlendan jarðveg er að fara (sjá mynd 75).

Umferð ferðamanna er mest á gönguleiðinni upp í Neðri-Hveradali og svo inn í gil þar sem borholan er. Fáir nýta sér leiðina upp á Ásgarðsfjall en þó er stígurinn oft upphaf fyrir þá sem ganga upp í Hveradali “ferðamannavegin” upp á Keis.



Mynd 75 - Mýri á gönguleið 5 að borholu

5.6.3.1. Niðurstaða

Við skoðun á þessum þremur gönguleiðum kom í ljós að horfa beri til eftirfarandi atriða. Gönguleiðin inn að borholu liggur í töluverðum halla og hafa skemmdir á gróðri og jarðvegi þar orðið nokkrar (sjá mynd 76). Hrun vegna vatnsaga og jarðvegs með lítinn þéttleika er á nokkrum stöðum. Enn fremur hafði göngustígur grafist niður meira en 29 cm á einum stað (sjá mynd 77).



Mynd 76 - Göngustígur inn að borholu



Mynd 77 - Göngustígur inn að borholu

Göngustígurinn upp í Neðri-Hveradali frá Ásgarði er í allgóðu lagi en upphaf stígsins er umhugsunarefni og ber að skoða legu hans þar. Stígurinn hefur einnig grafið niður töluvert í mólendinu/graslendinu neðst við upphaf stígsins (við upplýsingaskiltið, sjá mynd 78).

Hvað varðar gróður og náttúru Ásgarðs eða svæðis C þá virðist, af eldri myndum að dæma, að ekki hafi gengið á gróður dalsins og gróðurþekjan haldið sér vel síðustu áratugi eða allt frá 1970.



Mynd 78 - Gróðurskemmdir á neðsta hluta leiðar 7 í Ásgarði

Varðandi graslendi/mólendi í Ásgarði og þá sérstaklega þar sem framkvæmdir hafa farið fram síðustu ár hefur Fannborg beitt þeirri aðferð að tyrfa með venjulegum túnþökum í sár. Virðist við skoðun að sú aðferð beri góðan árangur. Þetta er sýnilegt ofan við Nýpur 1-5 þar sem nauðsynlegt var við jarðvegsskipti að höggva í jarðveginn í brekkunni fyrir ofan húsin (sjá mynd 79) Þar var tyrft árið 2012 í sár sem náði frá 4-7m upp í brekkuna og hefur nú tekið á sig ágæta mynd. Þegar grant var skoðað hafa svæðisbundnar plöntur fært sig ofar úr brekkunni og tekið sér bólfestu í nýja grasinu fyrir neðan.

Það hefur áður komið fram að gróðurþekja hefur ekki orðið fyrir sjáanlegum skemmdum í Ásgarði.

Vanda þarf þó til aðgerða hvað þetta varðar og gæta þess að við framkvæmdir að brugðist sé strax við raski og skemmdum svo dalurinn haldi sem lengst upprunalegri gróðurþekju og ásýnd.

Um aðrar aðgerðir Fannborgar í umhverfismálum á svæði C er vísað til viðauka um þróun staðarins frá 2000-2015 sem framkvæmdarstjóri Páll Gíslason hefur ritað.



Mynd 79 - Tyrfing fyrir ofan Nýpur 2012



Mynd 80 - Tyrfing fyrir ofan fyrirhugaða hótélbyggingu 2015

5.6.4. Skoðun vega/slóða innan umráðasvæðis Fannborgar

Tveir vegir liggja innan umráðasvæðis Fannborgar í Kerlingarfjöllum. Annar er vegslóði sem liggur frá þjónustukjarnanum í Ásgarði og upp á Keis þar sem hann skiptist og hluti hans fer að Neðri-Hveradölum og hinn upp að Kastala. Vegurinn er um 7 km að lengd og liggur austan megin Ásgarðsgils. Vegurinn er malarvegur og gerir umferð bíla og hópferðabifreiða kleift að aka að Neðri-Hveradölum og upp að Fannborg. Efri mörk hans liggja í um 1.000m hæð yfir sjávarmáli. Það fer eftir snjóalögum ár hvert hvenær þessi akvegur er fær að vori en 2015 var það mun síðar en undanfarin ár vegna þess að töluverður snjór lá í vegarstæðinu.

Hinn vegurinn er afleggjari upp í Kerlingarfjöll (F347) frá Kjalvegi sem er 9 km. langur vegarkafli í umsjón Vegagerðarinnar. Þetta er malarvegur sem síðustu ár hefur verið lagfærður að hluta og er brúaður að sumri með rörum.

Báðir þessir vegir falla ágætlega undir skilgreiningu um ferðamannavegi í skýrslu Arnhildar Pálmadóttur um skipulag þeirra og fagurfræði. En þar segir:

“Skilgreining 1: Ferðamannavegir geta verið ein leið eða samsett úr nokkrum vegum sem tengi saman áfangastaði sem teljast áhugaverðir. Að leiðin/leiðirnar opni aðgengi að náttúru og menningarverðmætum eða að vegurinn/vegirnir sjálfir hafi menningar og sögulegt gildi.

Skilgreining 2: Ferðamannavegir sem eru byggðir upp frá grunni í landslagi þar sem ekki er vegur fyrir. Vegurinn myndi þá liggja að áhugaverðum stað eða tengja saman

áður ótengd svæði til að auka aðgengi ferðamanna að staðnum. Með þessari skilgreiningu væri ferðamannavegur ætlaður til að aka um með hægd og í þeim áföngum sem hentar til skoðunar á landslagi og náttúruferð, til aðgreiningar frá almennum vegi sem ætlaður er undir almenna umferð og þungaumferð þar sem markmiðið er að komast sem fyrst á milli staða”.

(Arnhildur Pálmadóttir, 2009)

Enn fremur segir í rannsóknarskýrslu Vegagerðarinnar um ferðamannavegi frá 2009 að slíkir vegir þurfi að uppfylla eftirfarandi skilyrði :

1. Vegur sem er eftirtektarverður og fallegur.
2. Vegur sem uppfyllir þarfir ferðamannsins með tilliti til aðbúnaðar og þjónustu.
3. Vegur sem uppfyllir kröfur og ákvæði um öryggi ferðamannsins.
4. Vegur sem opnar aðgengi að náttúru og menningarminjum.
5. Vegur þar sem umferðarálag er ekki mikið.
6. Vegur þar sem eru takmarkanir á hraðakstri.

(Vegagerðin, 2009 og Kristján Guðmundsson, 2013)

5.6.4.1. Niðurstaða

Vegurinn frá Kjalvegi að Ásgarði er afar mikilvægur starfseminni í Kerlingarfjöllum. Hann ásamt Kjalvegi er lífæð bæði hvað varðar aðföng, sorpflutning, og aðkomu ferðamanna að svæðinu. Þannig er hann mikilvægur hlekkur í þeirri viðleitni Fannborgar að þróa staðinn í átt að sjálfbærni. Ljóst er að brúun hans (ísetning röra í Fossrófur, Blákvísl og Ásgarðsá á sumrin) hefur einnig aukið öryggi þeirra ferðamanna sem heimsækja fjöllin. Eftirlitsskyldu með veginum hefur Vegagerð Ríkisins og ber þeim að sjá til þess, eftir að Kjalvegur er opnaður ár hvert, að F347 sé fær flestum bílum á þessum tíma og að öryggisatriðum sé fylgt. Skýrsluhöfundar líta til þess að F347 verði áfram svo kallaður “ferðamannavegur” án bundins slitlags, til að stuðla að náttúruupplifun í ósnortnu víðerni hálendisins. Þannig að þær breytingar sem hugsanlega verði gerðar á veginum verði teknar aðeins með öryggisatriði að leiðarljósi. Vegurinn upp á Keis er ekki síður mikilvægur rekstri þjónustumiðstöðvarinnar í Ásgarði og undirstrikar það “módel” sem starfsemin í Kerlingarfjöllum grundvallast á (sjá umfjöllun um innviði). Vegurinn upp á Keis (Fannborg / Hveradalir) liggur að þeirri auðlind sem rekstur Fannborgar ehf byggist á. Hún er leið þeirra fjölmörgu ferðamanna sem heimsækja fjöllin hvort sem þeir hugsa til fjallgöngu, náttúruskoðunar, ljósmyndunar og gönguferða. Vegurinn er alfarið í umsjón Fannborgar og getur þess vegna orðið tæki í framtíðinni við takmörkun umferðar að auðlindinni. Hann liggur um torfarið svæði og er ljóst að það er ærið verkefni að halda honum í því formi að hann skili hlutverki sínu bæði hvað

varðar öryggisatriði og að ástand hans ýti ekki undir utanvegaaksturs og auki þannig líkur á skemmdum á náttúrunni. Um umferð og notkun þessara tveggja vega er vísað til kafla 5.1 í skýrslunni.

Ástand þessara vega þ.e. F347 og vegarins upp á Keis er ágætt. F347 hefur verið endurgerður að hluta og má jafnvel staðfesta að hann sé skárri en margir kaflar á Kjalvegi. Vegurinn upp á Keis opnaðist seint í sumar (2015) og var því í verra ástandi en mörg undanfarin ár. Hvað varðar upplýsingar til ferðamanna sem um þessa “ferðamannavegi” fara þá benda skýrsluhöfundar á að bæði skilti um öryggisatriði og áhugaverða staði vantar. Úr þeirri vöntun er brýnt að bæta.

5.6.5. Skoðun innviða (mannvirkja) og nærumhverfis þeirra

5.6.5.1. mannvirki á svæðinu

Byggingar eru 17 talsins (sjá mynd 81) og þjóna mismunandi verkefni í rekstri Fannborgar (sjá töflu 7).



Mynd 81 - Loftmynd af innviðum í Ásgarði, 2015

Tafla yfir innviði

Tafla yfir innviði í Ásgarðsdal á vegum Fannborgar ehf. 2015

	Bygging/Heiti	Gerð	Notkun	Stærð	Byggingarár	Fjöldi gistiþlássa
1	Aðalhús	A-hús / timbur + bára	Þjónustuhús/matsalur/eldhús gisting.	327 m ²	1974	28
2	Herragarður	Flatt þak / timbur + bára	Matsalur f/tjaldbúa og fl./ Geymsla	70,6 m ²	1963	0
3	Nípa 1	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	33,6 m ²	1982	6
4	Nípa 2	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	27,5 m ²	1968	5
5	Nípa 3	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	27,5 m ²	1968	5
6	Nípa 4	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	37,6 m ²	1969	4
7	Nípa 5	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	37,6 m ²	1969	4
8	Breiðagerði	A-hús / timbur (steypa) + bára	Gisting / uppábúið	54,6 m ²	1988	12
9	Brekkukot	A-hús / timbur (steypa) + bára	Gisting / uppábúið (svefnpoki)	39,8 m ²	1978	7
10	Veisa	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	29,3 m ²	1974	3
11	Gónhóll	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið	46,0 m ²	1990	8
12	Ferðafélagsskáli	Fjallaskáli	Gisting / svefnpokaþláss	65,7 m ²	1949	22
13	Laplata	Flatt þak / timbur + bára	Gisting / uppábúið	27,1 m ²	1970	4
14	Valdastóll	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið (svefnpoki)	33,6 m ²	1974	6
15	Sælugerði	A-hús / timbur + bára	Gisting / uppábúið (svefnpoki)	48,0 m ²	1991	10
16	Baðhús	Flatt þak / timbur + bára	Gisting / svefnpokaþláss	50,8 m ²	1990	0
17	Hesthús	Hallandi þak / timbur + bára	Hesthús	49,4 m ²	1978	0
18	Spítali	Flatt þak / timbur + bára	Geymsluhúsnæði	97,0 m ²	1983	0
19	Gámar x 4,5	Fellir inn í brekku f/neðan Aðalhús	Vinnuástaða / rafstöðvar / geymsla	50,0 m ²	2010-2015	0
20	Rafstöðvarhús og stífla	Steypa	Rafstöð	22,8 m ²	1980	0
21	Gönguleiðir (stikaðar)	Timburstikur	Afþreying	70 km.	2000-2015	0
22	Kastali	Timbur/bára	ónotað	53,2 m ²	1982	0
23	Nígería	Timbur/bára	ónotað	10 m ²	1969	0
24	Vegur upp á Keis	Malarvegur	Samgöngur	7 km.	1961	0

124

Tafla 7. LT - rannsóknir og ráðgjöf, 2015.

Eftir að Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum hóf starfsemi 1961 (1964) og hóf byggingarframkvæmdir á svæðinu voru all flestar byggingar með svokölluðu A-lagi (sjá mynd 9). Þessi byggingarstíll hefur einkennt staðinn síðan þá og gefur staðnum ákveðið heildrænt yfirbragð. Grænmáluð bárujárnsþökin falla ágætlega inn í þá birtingarmynd sem dalurinn skartar við fyrstu sýn.

Nýting innviða:


1. Þjónusta: Sú megin þjónusta sem innt er af hendi í Kerlingarfjöllum af Fannborg er við ferðamenn. Verslun og sala á gistingu eru megin starfsemi félagsins. Boðið er upp á einfaldan matseðil að kvöldi ásamt morgunmat, hádegismat og kaffi. Gistingin er í formi svefnpokaþláss, hótélherbergja (uppábúið) og tjaldsvæðis.
2. Hreinlætisaðstaða: Fannborg býður upp á ágætis hreinlætisaðstöðu á staðnum. Í Ásgarði er hægt að fara í heita sturtu og almenn önnur hreinlætisaðstaða er á svæðinu. Vatnsöflun bæði fyrir þjónustukjarnann og ferðamenn er í góðu lagi. Sorp er flokkað og flutt í gámum á sorpstöð á Flúðum. Rafstöð (vatnsaflsstöð) og varmadæla sér staðnum fyrir rafmagni og heitu vatni til húshitunar.



3. Eldunaraðstaða: Aðstaða er fyrir ferðamenn í húsi suðaustan við Aðalskálann. Húsið Herragarður þjónar í dag aðstöðu, fyrir tjaldbúa og þá sem gista í svefnpokum, til eldunar og þar er einnig lítil matsalur sem tekur um 40 manns í sæti.
4. Afþreying: Fannborg býður ekki í eigin nafni upp á sérstaka afþreyingu en náttúran í Kerlingarfjöllum býður upp á stórbrotin tækifæri til náttúruskoðunar og útivistar í einstöku umhverfi. Fannborg hefur merkt/stíkað samtals yfir 70 km af göngustígum. Hestamenn geta sótt í ágætis aðstöðu í dalnum og hefur verið gefið út, ásamt gönguleiðakorti, kort yfir nærliggjandi reiðleiðir. Heitur pottur (“náttúrulegur”) inn við borholu dregur að sér margan ferðamanninn. Fjallaskíðamenn sækja staðinn heim í ríkara mæli að vori og njóta þess að nýta sér snjóinn áður en hann hverfur yfir sumartímann.
5. Samgöngur: Kjalvegur er eina greiðfæra leiðin inn í Kerlingarfjöll. Nokkrar umbætur hafa verið gerðar á honum síðustu ár og hefur Vegagerð Ríkisins lagfært og endurhannað kafla í veginum. Nokkur ár eru síðan að Vegagerðin og Fannborg gerðu mér sér samning, vegna afleggjarans upp í Kerlingarfjöllum, um brúun á þeim ám sem áður fyrr var farið yfir á vaði. Sett eru rör í þær að vori sem tekin eru svo úr að hausti. Ljóst er að slík framkvæmd hefur styrkt rekstrargrundvöll Fannborgar.
6. Skipulag: Síðustu ár hefur verið unnið að deiliskipulagi staðarins í samstarfi með skipulagsaðilum svæðisins þ.e. Hrunamannahreppi. Deiliskipulag hefur verið samþykkt. Leigusamningur til 25 ára er í gildi frá 2015 á 6,2 ha lands (Ásgarður og nágrenni) og umsjónarsamningur frá 2015 um hluta Kerlingarfjallasvæðisins (sjá mynd 5) er einnig í gildi frá 2015.

Tafla um nýtingu innviða. Aðferðarfræðin við gerð töflu um nýtingu innviða var með þrennum hætti. Í fyrsta lagi voru gistináttatölur sumarsins 2014, sem lágu fyrir, uppfærðar vegna aukningar ferðamanna á svæðinu 2015. Síðan voru þær tölur notaðar við útreikning á heildarnýtingu miðað við 87 daga opnunartíma í Kerlingarfjöllum / Fannborg ehf og út frá gistináttarými í töflu 6 um innviði.

Í öðru lagi var áætlað út frá samtölum við starfsfólk og framkvæmdarstjóra um álag m.a. annars á salernisaðstöðu og eldunaraðstöðu ásamt því að notkun hestagirðingar var föst tala. Svo í þriðja lagi voru niðurstöður úr spurningakönnun Þolmarkarannsóknarinnar við ferðamenn nýttar til að áætla m.a. nýtingu göngustíga, sjá spurningu um afþreyingu.



Mynd 82 - Nýting innviða í Kerlingarfjöllum 2015 (LT)

5.6.5.2 Niðurstaða:

Ef horft er til þeirra innviða sem þessi kafli nær til er nokkuð ljóst að nýting á salernis- og sturtuaðstöðu er komin að þolmörkum. Uppbygging þeirrar aðstöðu er því nauðsynleg á næstu árum. Hér er einkum horft til þess að þjónusta öðrum en þeim sem hafa aðgang að slíkri aðstöðu inni á herbergjum sínum. Eldunaraðstaða fyrir tjaldbúa og fleiri er einnig á álagstímum komin yfir þolmörk og meðan skýrsluhöfundar voru við störf í Kerlingarfjöllum var sú aðstaða tvísetin og jafnvel þrísetin suma dagana. Kemur einnig fram í niðurstöðu spurningarkönnunar til ferðamanna kvartanir yfir plássleysi í Herragarði (eldunaraðstaða). Veitingasalur í þjónustubyggingu er einnig vel nýttur og þörf á að stækka hann.

Aðrir innviðir eins og aðstaða fyrir hestamenn, göngustígar, tjaldstæði, gisting í svefnpokaplássum og önnur gisting eru ekki komin að þolmörkum. Í kafla 2.1 um skilgreiningar á þolmörkum var fjallað um tengsl rekstrargrundvallar og þolmarka. Það má leiða að því líkum, ef nýting gistirýma er skoðuð, að sú niðurstaða (60-70% nýting) kalli á uppbyggingu í nánustu framtíð og þá einkum til að styrkja rekstrargrundvöll Fannborgar og bæta þjónustu við ferðamenn sem heimsækja staðinn (sjá niðurstöðu könnunar).

Staðsetning innviða gagnvart auðlindinni sjálfri hefur nokkuð verið rædd í sambandi við þróun ferðamannastaða og má líta til þeirrar umræðu um fyrirhugaðar breytingar í Landmannalaugum. Í þeirri umræðu hafa margir bent á þann möguleika að draga þjónustuna út úr dalnum og færa hana t.d. í Sólvang. Þannig væri hin almenna þjónusta við ferðamenn færð frá auðlindinni og hún fengi að standa frí af byggingum og þannig að njóta sín laus við sjónmengun af skálum og öðrum innviðum. Hvað þetta varðar þá er ljóst að ferðaþjónustan og reksturinn í Kerlingarfjöllum byggir á slíku módeli en þjónustuinnviðir, utan göngustíga og vegslóða, eru allir staðsettir í Ásgarðsdal og auðlindin sjálf (svæði A og B) í um 5-7 km fjarlægð. Þetta módel er í samræmi við framtíðarsýn Fannborgar og undirstrikast af núverandi deiliskipulagi (sjá viðauka I).

Fjarlægð þjónustukjarnans frá auðlindinni er jákvæð og gefur í framtíðinni ákveðið svigrúm fyrir Fannborg, sem umsjónaraðila svæðisins, til viðbragða og lausna ef og þegar kemur að þolmörkum svæðisins.

6. Niðurstöður og ályktanir

6.1. Mikilvægi svæðisins fyrir ferðamennsku

Mikilvægi ferðapjónustu á Íslandi hefur aukist mjög síðasta áratug og hefur fjöldi ferðamanna til Íslands meira en þrefaldast frá árinu 2000 (Ferðamálastofa, 2015). Áætlað er að fjöldi ferðamanna fari yfir eina milljón árið 2015. Þessi ferðamálastraumur skilar sér einnig uppá hálendi Íslands og samkvæmt öðrum rannsóknum fer u.þ.b. 1/3 ferðamanna uppá hálendið (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012). Mikill straumur ferðamanna fer yfir Kjöl á hverju ári einkum og sér í lagi til Hveravalla. Kerlingarfjöll og nágrenni er þýðingarmikið fyrir þann markhóp sem kemur til Íslands til að upplifa víðerni og óspillta náttúru sem og fyrir þá Íslendinga sem sækjast eftir slíkri upplifun. Með síaukinni aðsókn að Landmannalaugum og Friðlandinu að Fjallabaki hafa Kerlingarfjöll fengið aukið hlutverk sem áfangastaður óspilltra náttúru og víðerna.

Kerlingarfjallasvæðið er mjög náttúrulegt og mannleg ummerki fá fyrir utan Ásgarð, malarveginn uppí Hveradali, salerni og gamlan skíðaskála. Eftir mikla hreinsun á gamla skíðasvæðinu, má segja að Kerlingarfjallasvæðið sé að mestu ósnortið og vélvædd umferð ekki leyfð nema á mjög fáum vegum/slóðum. Staðsetning Kerlingarfjalla á miðju hálendinu hefur væntanlega áhrif á ferðamenn, því að víðerni (25%), náttúran (32%) og hálendið (23%) eru samkvæmt rannsókninni það sem heillar ferðamenn við svæðið. Samkvæmt rannsókninni í Kerlingarfjöllum 2015 telja 84% ferðamanna “ósnortin víðerni” vera hluti af aðdráttarafli svæðisins, en það var 93,3% 2008 (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2012). Þegar víðerni verða vinsælir ferðamannastaðir, getur mannmergið og röskun á umhverfinu dregið úr þeim eiginleikum sem upphaflega drógu að ferðamenn og það undirstrikar mikilvægi skýrrar framtíðarsýnar fyrir Kerlingarfjöll. Oft hefur verið sagt að ferðmennska sé versti óvinur sjálfrar síns, því að hvergi er meiri hættu á slíku, einmitt þar sem náttúran er viðkvæm og gert er út á ímynd hins óspillta.

Umhverfið - náttúrulegt - innviðir. Ferðamennska sem gerir út á jafn viðkvæma náttúru eins og er að finna í Kerlingarfjöllum, þarf að skipuleggja með það leiðarljósi að náttúran skerðist ekki og taka tillit til þolmarka hennar. Fannborg hefur sett sér skýra stefnu um sjálfbæra nýtingu þess, byggja upp Ásgarð og lágmarka alla aðra uppbyggingu á öðrum svæðum. Um helmingur þeirra ferðamanna sem komu í Kerlingarfjöll eru á móti frekari uppbyggingu á þjónustusvæðinu en eru um leið jafnframt mjög hlyntir eða hlyntir fjallaskálum á svæðinu. Nýting skála, salernis, sturtu og eldunaraðstöðu er frekar mikil á annatíma og það mun borga sig fyrir Fannborg að mati

skýrsluhöfunda að vanda alla uppbyggingu og kynningu á því. Því að við hverja úrbót, færist svæðið uppá á næsta skeið í ferli sínum, þolmörkin aukast og markhópurinn breytist með.

Þótt almennt fari ferðamenn lítið út af göngustígum, þá verður að sjá til þess að fjölförnustu göngustígarnir séu undir eftirliti og þeim reglulega viðhaldið, þannig að ferðamenn gangi ekki á gróður eða jarðveg umfram það sem orðið er. Við skoðun göngustíga, gróðurs og umhverfis kom í ljós að í heild sinni eru þeir eru ekki komnir að þolmörkum, þó er hluti þeirra kominn að þolmörkum. Það þarf að gera strax úrbætur til verndar gróðri á gönguleiðinni inn að borholu, við upphaf gönguleiðar til Neðri-Hveradala og mæla skýrsluhöfundar með uppsetningu girðingar og aðvörunarskilta við suma hverina í Hveradölum, til verndar hveraútfellingum.

Vegasamgöngur frá Kili að Ásgarði og frá Ásgarði til Hveradala eru í ágætu lagi, en það er mat skýrsluhöfunda að úrbóta sé þörf með skilti um öryggisatriði og áhugaverða staði. Samkvæmt rannsókninni þá voru langflestir andvígir heilsársvegi og bundnu slitlagi á svæðinu.

Ferðamenn - viðhorf - upplifun. Langflestir ferðamenn telja “ósnortin víðerni” vera hluti af aðdráttarafli svæðisins og eru komnir til upplifa það, óraskaða náttúru, kyrrð og ró. Flestir ferðamennirnir voru að koma í fyrsta sinn eða 66%. Meirihluti þeirra sem höfðu komið áður, fannst fjöldi ferðamanna hafa aukist. Skipting ferðamanna í Kerlingarfjöllum á rannsóknartímanum með hliðsjón af viðhorfskvarðanum, er að 20% þeirra voru miklir náttúrusinnar, 23% voru náttúrusinnar, 25% almennir ferðamenn og 32% þjónustusinnar. Það sem heillar ferðamenn við svæðið er náttúran, víðernið, hálendið og svo fámennið. Samkvæmt rannsókninni þá koma ferðamennirnir fyrst og fremst til Kerlingarfjalla til gönguferðar og taka ljósmyndir og telja áningarstaði með bekki og borð ekki mikilvægir fyrir svæðið. Heilt yfir er óhætt að segja að ánægja ferðamanna sem koma í Kerlingarfjöll er mjög mikil. Yfir helmingur ferðamanna var mjög ánægður eða ánægður með ferð sína þangað eða samanlagt 89%. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ferðamönnum finnist svæðið að mestu ósnortið og hreint.

Hinn dæmigerði ferðamaður í Kerlingarfjöllum er franskur sérfræðingur, sem ferðast með fjölskyldunni í bílaleigubíl, heillast af náttúrunni, gistir eina nótt í tjaldi, fer í gönguferð, fæddur á árunum 1960-1969, er mjög ánægður með ferð sína í fjöllin, fjöldi ferðamanna voru eins og hann átti von á, vill upplifa óraskaða náttúru, finnst ósnortin víðerni vera hluti af aðdráttarafli svæðisins og mun heimsækja Hveravelli á leið sinni um hálendið.

Fjöldi ferðamanna og umferð bifreiða. Enn sem komið er er Kerlingarfjallavegur (F347) ekki fjölmenn ferðamannaleið, en samkvæmt talningu við Ásgarð dagana 9.-31.ágúst 2015 komu 1.545 bílar eða 67 bílar að meðaltali á dag. Til samanburðar þá ók 41 bíll að meðaltali á dag sumarið

2014 Kerlingarfjallaveg og 106 bílar vegslóðan til Hveradala (Vegagerðin (2014). Á rannsóknartíma í ágúst komu um 5.500-6.400 ferðamenn í Kerlingarfjöllin og þar af fóru um 4.100 til 4.700 ferðamenn í Hveradali. Sumarið 2015 er áætlað að 14 til 16 þúsund ferðamenn hafi komið í Kerlingarfjöll.

Viðhorf hagsmunaaðila. Ólíkt ferðamönnum þá eru ferðapjónustuaðilar frekar jákvæðir á hugmyndum Fannborgar á uppbyggingu þjónustusvæðisins í Ásgarði. Þeir eru almennt á því að lágstemmd mannvirki, vel við höldnum, sem passa í umhverfið, séu viðeigandi. Eins vilja þeir fá almennt betri aðstöðu fyrir sína viðskiptavinum, góð rúm, jafnvel herbergi með baði. Ferðapjónustuaðilar nefndu að Hveradalir (háhitasvæðið) og náttúrufegurð sem aðalaðráttarafi svæðisins. Þeir telja að sínir viðskiptavinir vilji langflestir upplifa náttúruna á eigin vegum, upplifa náttúrukyrrð, taka myndir, fara í gönguferðir á merktum gönguleiðum og skoða háhitasvæðið. Ferðapjónustuaðilar telja að framtíðartækifæri svæðisins sé göngusvæði með öflugri þjónustumiðstöð og langflestir töldu að svæðið þoli fleiri ferðamenn.

6.2. Skipulag, framtíðarsýn

Ferðamönnum í Kerlingarfjöllum hefur fjölgað síðustu ár og með aukinni eftirspurn hefur viðhaldi og ýmiss konar uppbyggingu innviða verið nauðsynleg. Það er í takt við þróunarferil áfangastaða samkvæmt kenningum Butlers (1980) um lífshlaup vöru. Lykilinn að verndum svæða, er að stýra mannlegum áhrifum á svæðið og í þeim tilgangi hóf Fannborg árið 2013 samstarf við Landvernd og Hrunamannahrepp í nafni Kerlingarfjallavina. Markmið þeirra samtaka er að hlúa að og vernda náttúru Kerlingarfjalla, bæta aðgengi almennings að svæðinu án þess að ganga á náttúru þess. Því lykilatriðið í velheppnaðri stjórnun víðerna er að virkja almenning til þátttöku (Hendee o.fl.,1990). Með uppbyggingu innviða er hægt að hækka þolmörk.

Stjórn Fannborgar telur að Kerlingarfjallasvæðið sé ennþá vannýtt sem útivistar- og afþreyingarsvæði og hyggst beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu innan Ásgarðs. Í Ásgarði, sem er þröngur dalur sem sést ekki víða að, hyggjast þeir nútímavæða byggingar undir austurhlíðunum og auka þjónustu við ferðamenn. Fannborg ætlar “*að lágmarka alla uppbyggingu utan þess sem og að halda áfram við hreinsun svæðisins og að viðhalda og verja þann árangur sem hefur náðst á því sviði undanfarin ár. Jafnframt hyggst stjórn beita sér fyrir áframhaldi starfi félagsins við uppbyggingu innviða fyrir göngufólk innan og kringum Kerlingarfjallasvæðið, bæði með lengingu gönguleiða, merkingu og byggingu mannvirkja eins og brúa, trappa og salernisaðstöðu.*”

6.3. Lokaorð

Í þessari skýrslu voru greind viðhorf og upplifun ferðamanna, ferðaskipuleggjenda og gestgjafa í Kerlingarfjöllum. Einnig var náttúra umhverfisins skoðuð vel auk umferðartalningar. Allt til að meta hvort Kerlingarfjallasvæðið sé komið að þolmörkum. Það er mat LT út frá þessari rannsókn að umhverfis- og félagsleg þolmörk séu í góðu lagi og Kerlingarfjallasvæðið geti tekið við talsverðri aukningu ferðamanna. Þolmörkum umhverfis hefur ekki verið náð, því að jarðvegur, gróður og aðrar jarðmyndanir hafa ekki orðið fyrir teljanlegum neikvæðum áhrifum. Þar hjálpar til sú uppbygging innviða, eins og lagning göngustíga um svæðið og til og frá Hveradölum, gerð salernisaðstöðu, stíga, trappa og brúa í Hveradölum sjálfum. Hvað félagslegum þolmörkum varðar, þá eru langflestir ferðamenn og ferðaskipuleggjendur á því að svæðið getið tekið við fleiri ferðamönnum, án þess að upplifun og væntingar skerðist. Fannborg sem gestgjafi á svæðinu hefur sett fram skýra framtíðarsýn, er varðar uppbyggingu innviða og nýtingu Kerlingarfjallasvæðisins fyrir ferðamenn í góðri samvinnu við Hrunamannahrepp, þar sem sjálfbærni og uppbygging innviða fyrir göngufólk mun gegna lykilhlutverki.

Butler (1997) líkir þolmörkum við keðju þar sem viðkvæmasti þátturinn af þeim fjórum þáttum sem kannaðir eru, er veikasti hlekkurinn og markar um leið þolmörk svæðisins. Því er mikilvægt að átta sig á, hvaða þáttur þolmarkanna er viðkvæmastur og hvenær þolmörkum þess þáttar er náð. Það er lykilatriði að vakta árlega náttúrulegt umhverfi og innviði Kerlingarfjalla, m.a. með því að skoða jarðveg, gróður, vatn, dýralíf, jarðmyndanir, sem og ástand göngustíga, salerna, stíga og brúa. Einnig er ráðlegt að vakta reglulega upplifun, reynslu, atferli, þarfir og væntingar ferðamanna, heimamanna og ferðaþjónustuaðila, til að meta mannleg áhrif á svæðið. Þessi reglulega upplýsingasöfnun dregur fram þá þætti sem hægt er að hafa áhrif á, til að stuðla að sjálfbærri þróun í Kerlingarfjöllum og nýttist í uppbyggingu og frekari skipulagningu svæðisins til framtíðar.

Heimildir

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í Helgi Gestsson og Ingjaldur Hannibalsson (Ritstj.), 14. *Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (12-20). Akureyri, Ísland: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2009). Viðhorf ferðamanna á Kili. *Rannsóknir í Félagsvísindum IX, Hagfræði og Viðskiptadeild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009. Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010a). Planning nature tourism in Iceland based on tourist attitudes. *Tourism Geographies*, 12(1), 25-52

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur. *Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands Háskóli Íslands*. Reykjavík.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2012). Áætlun um ferðamennsku á miðhálandi Íslands: Niðurstöður rannsókna. *Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands Háskóli Íslands*. Reykjavík.

Arnildur Pálmadóttir (2009). Ferðamannavegir, skipulag og fagurfræði - Vaðlaheiðarvegur fyrir ferðamenn. *Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar 2009*. Reykjavík.

Árni Hjartarson og Magnús Ólafsson (2005). *Kerlingarfjöll, könnun og kortlagning háhitasvæðis*. Reykjavík : Orkustofnun / Íslenskar Orkurannsóknir.

Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen (2009). *Gróður, fuglar og smádyr á 18 háhitasvæðum. Samantekt fyrirbyggjandi gagna*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09015. 169 bls.

Bentley, T. A., Page, S. J., Mayer, D., Chalmers, D. & Laird, I. (2001). How safe is adventure tourism in New Zealand? An exploratory analysis. *Applied Ergonomics* 32 (2001) 327–338.

Bergþóra Aradóttir (ritstjóri), Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Arnar Már Ólafsson (2003). Ferðamálaráði Íslands Háskóla Íslands Háskólanum á Akureyri Ferðamálasetri Íslands, Útgáfuár 2003, Akureyri.

Bucley, R, Pickering, C & Weaver, D.B., 2003. *Nature-Based Tourism, Environment and Land Management*. CAB international publishing, Cambridge, MA, USA.

Butler, R.W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: implications for management of resources. *Canadian Geographer* 24(1), 5-12.

Butler, R. W. (1997). The concept of carrying capacity for tourism destinations: Dead or merely buried? Í C. Cooper og S. Wanhill (Ritstj.), *Tourism development - Environmental and community issues* (bls. 11-21). Chichester: John Wiley & Sons.

Cole, D.N. (1983). *Assessing and monitoring backcountry trail condition*. Ogden, Utha: Intermountain Forest and Range Experiment Station.

Ferðamálastofa, 2015. *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum apríl 2014*. Sótt 28. september 2015 af http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mai/ferdatjon_i_tolun_15.pdf

Fredman, P. og Emmelin, L. (2001). Wilderness purism, willingness to pay and management preferences: *A study of Swedish mountain tourists*. *Tourism Economics*, 7, 5-20.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal (1946). *Fjallamenn*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó Guðjónssonar, Reykjavík.

Guðrún Gísladóttir (2003a). Áhrif ferðamanna á göngustíga í friðlandi á Lónsöræfum. Í (Anna Dóra Sæþórsdóttir (ritstj.), *Polmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. (bls. 41 – 90). Akureyri: Ferðamálaráð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.

Guðrún Gísladóttir (2006). The impact of tourist trampling on Icelandic Andosols. *Zeitschrift für Geomorphologie*, 143, 55-73.

Hagstofa Íslands. (2015) *Um gistiskýrslur*. Sótt 21. október á <http://gamli.hagstofa.is/pages/101>

Miller, G. T. (2002). *Living in the Environment: Principles, Connections, and Solutions*. Published by Brooks/Cole, Pacific Grove, CA, 2002. USA.

Hendee, J. C., Catton Jr., W. R., Marlow, L. D. og Brockman, C. F. (1968). *Wilderness users in the Pacific Northwest: Their characteristics, values, and management preferences*. Portland, Oregon: Pacific Northwest Forest and Range Experiment Station.

Jewell, M.C & Hammit, W.E (2000). *Assessing Soil Erosion on Trails: A Comparison of Techniques*. Proceedings RMRS-P-15-VOL-5. Ogden, UT: U.S. Department of Agriculture, Forest Service, Rocky Mountain Research Station. 381 p.

Kristján Guðmundsson (2013). *Hönnun ferðamannavegar um Uxahryggi*. Lokaverkefni til BA gráðu í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum Vor 2013 .

María Guðmundsdóttir, Jónas Ketilsson, Linda Georgsdóttir og Erla Björk Þorgeirsdóttir, (2015). *Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. Áfanga rammaáætlunar*. Kafli 7.18.1 R3279A Hverabotn. Orkustofnun, Reykjavík.

Martin, B.S. & Uysal, M. 1990: An examination of the Relationship Between Carrying Capacity and the Tourism Lifecycle: Management and Policy Implications. *Journal of Environmental Management*, 31, 327-333.

Martin, B.S. og Uysal, M. (1990). An examination of the Relationship Between Carrying Capacity and the Tourism Lifecycle: Management and Policy Implications. *Journal of Environmental Management*, 31, 327-333.

MMR / Markaðs og miðlararannsókn ehf. (2012). *Könnun meðal erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2011 – unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Page, S. J. (2009). *Tourism Management, managing for change*. Oxford: Butterworth Heinemann.

Oddný Þóra Óladóttir (2013). *Ferðaþjónustan í tölum 2014*. Ferðamálastofa: Reykjavík.

Rammaáætlun (2015). 78-79 *Kerlingarfjöll*. Sótt 29.september 2015 á: <http://www.ramma.is/media/banners/Minnisblad-79---82-Kerlingarfjoll.pdf>.

Stankey, G. H. (1973). Visitor perception of wilderness recreation carrying capacity (USDA Forest Service Research Paper INT-142. bindi). Ogden, Utah: *Intermountain Forest & Range Experiment Station*, Forest Service, U.S. Dept. of Agriculture.

Saarinen, J. (2006) Tradition of Sustainability in Tourism Studies. *Annals of Tourism Research*, Vol. 33, No. 4, pp. 1121–1140, Elsevier Ltd. Great Britain

Stankey, G. H., Cole, D. N., Lucas, R. C., Petersen, M. E., & Frissell, S. S. (1985). The limits of acceptable change (LAC) system for wilderness planning (Report INT-176). Ogden, Utah: US Department of Agriculture, Forest Service. *Intermountain Forest and Range Experiment Station*.

Vegagerðin. (2009). Skilgreining ferðamannaleiða og ferðamannavega. rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar. Sótt 21. október á <http://www.vso.is/islandsvegir/pdf/Skilgreining-ferdamannaleidafeb2009.pdf>

Vegagerðin. (2014). Sólarhringsumferð á föstum talningarstöðum. Sótt 28.9.2015 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir_teljarar_2014/\\$file/Fastir_teljarar_2014.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir_teljarar_2014/$file/Fastir_teljarar_2014.pdf)

Vegagerðin. (2014). Umferð á þjóðvegum: Meðaltöl. Sótt 28.9.2015 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Banki_28052015_a_netid/\\$file/Banki_28052015_%C3%A1_net%C3%B0.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Banki_28052015_a_netid/$file/Banki_28052015_%C3%A1_net%C3%B0.pdf)

Vistad, O. I. (1995). *I skogen og i skolten. Ein analyse av friluftsliv, miljøoppleving, påverknad og forvaltning i Fremundsmarka, med jamføringar til Rogen og Långfjället*. Universitetet i Trondheim, Trondheim

Vísindavefurinn (2015a). *Sjálfbærni hugtakið*. Sótt 23. september 2015 á: <http://www.visindavefur.is/search.php?q=Sj%C3%A1lfb%C3%A6rni%2C+Gro+harlem+Brundtland>.

Wallsten, P. (1988). Rekreation i Rogen : tillämpning av en planeringsmetod för friluftsliv. *Trondheim: Komitéen for miljøvern - KOMMIT*, Universitetet i Trondheim.

Viðauki I. Framtíðarsýn stjórnar Fannborgar

Framtíðarsýn stjórnar Fannborgar

Stjórn Fannborgar er skipuð glæstum fulltrúum íslenskrar millistéttar, þar sem aldur og minningaráhrifin liggja milli hamborgara og pitsu kynslóðanna. Meðlimir stjórnar líta gjarnan djörfum augum til framtíðarinnar og strengja þess jafnan heit þegar þau hittast að tryggja að vegur Kerlingarfjalla verði sem mestur og bestur um ókomin ár. Stjórnin lítur jafnan til Guðna Ágústssonar sem fyrirmyndar að sinni staðar- og þjóðernisvitund.

Stjórn Fannborgar telur að Kerlingarfjallasvæðið sé vannýtt sem útivistar- og afþreyingarsvæði og er það markmið stjórnar að Fannborg komi til með að leikalykillhlutverk í sjálfbærri nýtingu svæðisins um ókomin ár. Stjórn hyggst beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu innan Ásgarðs, en lítur til þess að lágmarka alla uppbyggingu utan þess sem og að halda áfram við hreinsun svæðisins og að viðhalda og verja þann árangur sem hefur náðst á því sviði undanfarin ár.

Jafnframt hyggst stjórn beita sér fyrir áframhaldi starfi félagsins við uppbyggingu innviða fyrir göngufólk innan og kringum Kerlingarfjallasvæðið, bæði með lengingu gönguleiða, merkingu og byggingu mannvirkja eins og brúa, trappa og salernisaðstöðu.

Hvað Ásgarð varðar, þá er það markmið stjórnar Fannborgar að byggja þar upp nútímalegar byggingar sem þjóna hlutverki sínu en eru þannig staðsettar að þær falli sem best að landslagi eins og gert hefur verið. Þannig sér stjórn fyrir sér byggingu eða byggingar sem eru eingöngu undir austurhlíðum Ásgarðs, þaðan sem útsýni er lítið og byggingarnar sjást þá ekki víða að.

Stjórn fannborgar telur Ásgarð mjög ákjósanlegan vettvang fyrir starfsemi félagsins, þar sem dalurinn er frekar þröngur, lítill og að þær byggingar og önnur mannvirki sem þar eru, sjást ekki víða að, þannig eru áhrif starfseminnar á ásýnd landsins svo lítil sem raun ber vitni.

f.h. Stjórnar, Páll Gíslason

Viðauki II. Samantekt Fannborgar ehf

Samantekt Fannborgar ehf

Frá aðkomu nýrra aðila í eigendahópinn árið 2000, þá hafa forráðamenn Fannborgar lagt áherslu á að byggja upp ferðamannastað sem nýtur virðingar fyrir góða og skilvirka þjónustu, varðveita óspillta ásynd og náttúru fjallanna og kappkosta að hreinsa fjöllin og nágrenni af rusli eða öðrum aðskota hlutum sem menn kunna að hafa skilið þarna eftir á undanförunum árum.

Þjónusta

Fannborg hefur endurbyggt flestöll hús á svæðinu bæði til að bæta útlit og eins til að einangra þau, sem lið í aukinni sjálfbærni. Hús hafa verið hólfuð í herbergi og þar boðin gisting í 2 – 4 manna rýmum með uppabúnu í stað svefnpokapláss, enda ljóst að eftirspurn er mjög vaxandi eftir sérgistingu á kostnað samgistingar.

Félagið rekur veitingastað sem býður upp á frekar einfaldan íslenskan kjarngóðan mat.

Umhverfismál

Meðal þess sem Fannborg hefur lagt áherslu á innan málaflokksins, má nefna: Hreinsun lands, bæði innan Kerlingarfjallasvæðisins (t.d. vegna eigin reksturs) og eins á kjalarsvæðinu almennt, en þar hefur reglulega verið farið meðfram vegum og slóðum og allt sýnilegt rusl fjarlæggt og smávörður jafnaðar við jörð. Á svæðinu er gömul mæðiveikigirðing, en Fannborg hefur unnið að því að fjarlægja hana, þótt því verki sé ekki lokið.

Unnið hefur verið ötullega að merkingu gönguleiða innan svæðisins og að uppsetningu mannvirkja sem auðvelda umgengni og beina þeim sem um landið fara á ákveðnar brautir.

Sjálfbærni

Fannborg hefur lagt í mikla vinnu við að auka sjálfbærni rekstursins, þar sem áhersla er á nýtingu landsins gæða. Má þar meðal annars nefna endurbyggingu vatnsaflsstöðvar til raforkuframleiðslu, leit eftir heitu vatni til upphitunar, kaup á varmadælu og lagningu veitukerfa (hiti, neysluvatn og fráveita) innan svæðisins.

Öllu sorpi er nú ekið til byggða.

Skipulag

Fannborg hefur unnið að skipulagi fyrir svæðið, sú vinna hefur verið í samstarfi við og með samþykki skipulagsyfirvalda svæðisins. Nú er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið, og unnið að samþættingu þess við endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps”.

Páll Gíslason, framkvæmdastjóri

Viðauki III. Gönguleiðakort í Kerlingarfjöllum, LT 2015





Nóvember 2015